Tónleikar verðlaunahafa

Menning ➤ 22

Falsaði fiskidag sjö ára

Lífið ➤ 26

Sigraðu innkaupin með appinu
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

102. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 19. MAÍ 2022

Lík fannst í fjörunni við Eiðisgranda í Reykjavík á öðrum tímanum í gær. Lögregla veitti engar nánari upplýsingar um líkfundinn áður en Fréttablaðið fór í prentun í gær en haldið var áfram að leita í fjörunni eftir að líkið sem fannst hafði verið flutt á brott. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skortur á sérfræðingum hamlar vexti hjá hugverkafyrirtækjum hér á landi

Sviðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins segir gríðarleg tækifæri fólgin í því að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði séu þegar farin að færa starfsemi sína úr landi vegna þess hve erfitt reynist að ráða sérfræðinga.

ggunnars@frettabladid.is

IÐNAÐUR Hugverkafyrirtækið Controlant sér fram á að færa hluta kjarnastarfseminnar úr landi vegna skorts á sérfræðingum. Starfsfólki fyrirtækisins hefur fjölgað úr 50 í 370 á síðustu tveimur árum.

> Það eru mörg ljón í veginum og kerfið hér á landi er enn alltof flókið.
>
> Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins, segist heyra slíkar sögur nær daglega frá fyrirtækjum í hugverkaiðnaði. Nokkur fyrirtæki hafi þegar fært sig út til Evrópu af sömu ástæðu.

Við höfum verið að vekja athygli stjórnvalda á stöðunni. Þetta er að gerast mjög hratt um þessar mundir.“

Að mati Sigríðar er þetta fyrst og fremst lúxusvandamál og tækifæri.

„Staðreyndin er sú að við erum í alþjóðlegri samkeppni um hæfileikaríkt fólk. Til að standa undir öflugu atvinnulífi. Við verðum að bregðast hratt við og liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins. Þetta er gríðarlega brýnt efnahagsmál.“

Sigríður segist binda vonir við nýjan iðnaðarráðherra. „En það eru mörg ljón í veginum og kerfið hér á landi er enn allt of flókið.“

Hugverkafyrirtæki muni leita út fyrir landsteinana í ríkari mæli ef stjórnvöld grípa ekki til markvissra aðgerða. „Við þurfum að bregðast við og grípa þessi vaxtartækifæri,“ segir Sigríður. SJÁ SÍÐU 12

Ferðaleiðir lokast fyrir hinsegin fólk

ninarichter@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI Ísland er númer ellefu á lista yfir öruggustu lönd heims fyrir hinsegin ferðamenn.

Að sögn Evu Maríu Lange, eins eigenda ferðaskrifstofunnar Pink Iceland sem sérhæfir sig í þjónustu við LGBTQIA+ hópinn, er bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks á heimsvísu. „Við sjáum það núna gerast og finnum fyrir því hjá okkur.“

Að hennar sögn er ferðahegðun að breytast vegna Úkraínu. Ísland sé þó ekki inni í þeirri mynd því litið sé á það sem öruggan áfangastað. „Bæði vegna þess að hér er öruggt að vera hinsegin og svo út af öðrum öryggistengdum þáttum.“ SJÁ SÍÐU 10

Kjörseðlar bjóði ekki upp á túlkun

lovisa@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Atkvæðafjöldinn skiptist með nákvæmlega sama hætti milli flokka í endurtalningu í Garðabæ og í upphaflegri talningu. Endurtalning fór fram í gær.

Alls voru ógildir 40 seðlar og var meirihluti þeirra úr utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Ástæða þess að þeir voru ógildir var, meðal annars, að einhverjir voru stimplaðir með stimplum flokka sem ekki voru í framboði í Garðabæ undir eigin merkjum, eins og S, V og P.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, oddviti Garðabæjarlistans

Umboðsmaður Garðabæjarlistans lagði fram bókun í gær þar sem hann óskaði þess að þau atkvæði sem voru merkt með þessum hætti yrðu flokkuð með þeim en formaður kjörstjórnar segir ógerlegt að taka þá gilda.

Oddviti Garðabæjarlistans, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, segir að bókunin eigi einfaldlega að vekja athygli á framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar.

„Kjörseðlar eiga ekki að bjóða upp á túlkun þannig að við unum þessari niðurstöðu og fögnum því að endurtalning hafi leitt sömu niðurstöðu í ljós," segir Þorbjörg. ■

Sorfið til stáls



Lið Vals og Tindastóls mættust í gærkvöldi í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik. Hvort liðið um sig hafði áður unnið tvo leiki á sínum heimavelli, Tindastólsmenn á Sauðárkróki og Valsmenn á Hlíðarenda í Reykjavík þar sem úrslitaleikurinn var leikinn. Honum var ekki lokið áður en Fréttablaðið fór í prentun en stemningin í salnum var rafmögnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hornsteinn var lagður að kirkjunni fyrir ellefu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Of stór kjallari hjá rétttrúnaðarkirkju

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Umsókn rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar um bygginga kirkju og safnaðarheimils á Bræðraborgarstíg var hafnað af skipulagsfulltrúanum í Reykjavík.

„Sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbentri steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara meðal annars helst stoðrými og tengigangur. Stærð safnaðarhúss, það er að segja kjallara, virðist ekki vera í samræmi við viðbótarskilmála sem nýsamþykkt deiliskipulagsbreyting vísar í," segir í umsögn skipulagsfulltrúa. ■

Meta Medved með tröllatrú á eiginleikum hampsins

Slóvenskur landbúnaðarfræðingur framleiðir heilsuvörur úr hampi. Hún segir að enn séu margir sem leggi ekki í ræktun vegna hamlana.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Hin slóvenska Meta Medved hefur tröllatrú á hampi, bæði hvað varðar umhverfisvernd og heilsuna. Hún framleiðir nú tölvumúsapúða og stressbolta úr hampi til að selja Íslendingum, en hefur áður búið til fjölmargar aðrar vörur í heimalandi sínu.

„Ég vildi búa til vörur sem sýna hvers megnug þessi planta er," segir Metta sem er 31 árs, alin upp í Dravadalnum í norðurhluta Slóveníu.

Í landbúnaðarfræði við Háskólann í Maribor rannsakaði hún kannabisplöntuna, hamp, og alla hennar eiginleika og hefur talað máli hennar síðan. Hún og maður hennar, Jurij Pahernik, flytja nú inn slóvensk matvæli til Íslands.

Meta segir að þegar kannabis var gert ólöglegt á sjöunda áratugnum hafi framleiðslan á allri plöntunni dottið niður víðast hvar um heiminn. Hún var öll sett undir sama hatt vegna vímuáhrifanna sem fást af marijúana og hassi.

Enn er frekar sjaldgæft að gera vörur úr hampi og víða þarf mun meira umstang og skriffinnsku til að fá samþykki. Meta segir að þess vegna leggi margir ekki í ræktunina. Þeim sem gera það sé þó að fjölga.

„Fólk áttar sig ekki á hversu nytsamleg planta þetta er," segir Meta. Auk þess að hægt sé að búa til alls kyns vörur þá hafi plantan einnig eiginleika til hreinsunar. Sem dæmi sé algengt í Slóveníu að sá plöntunni til þess að hreinsa þungmálma úr jarðveginum.

Meta hefur rannsakað hamp í um áratug í Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Góðir bændur vita að það er skynsamlegt að sá hampi á fjögurra ára fresti.
>
> Meta Medved, landbúnaðarfræðingur

„Góðir bændur vita að það er skynsamlegt að sá hampi á fjögurra ára fresti," segir hún. Einnig sé hampur góður í dýrafóður.

Meta hefur framleitt alls kyns vörur úr hampi, svo sem jógapúða, bangsa og andlitsgrímur á meðan Covid-faraldurinn geisaði. Nú hefur hún búið til tölvumúsapúða og stressbolta undir vörumerkinu Jara sem seldir eru í Elko. Tauið er gert úr hamptrefjum en innihaldið úr hampfræjum.

Meta ákvað að einbeita sér að þessu vegna þess hversu margir eru farnir að vinna skrifstofustörf með tölvum og úlnliðsvandamál sífellt að verða meiri, því án púða er úlnliðurinn í ónáttúrulegri stöðu.

„Í Slóveníu hjálpaði ég eldri konum sem höfðu unnið lengi við skrifstofustörf hjá ríkinu. Sumar höfðu þurft að fara í aðgerðir," segir Meta. Auk þess að veita stuðning hafi hampurinn annan eiginleika í púðunum. Plantan inniheldur mikla olíu og fræin halda vel hita, til dæmis ef þau eru sett í örbylgjuofn.

Meta vildi hafa allt framleiðsluferlið eins og náttúrlegt og umhverfisvænt og hægt væri. Þess vegna eru vörurnar seldar í endurnýttum matarkrukkum úr matarinnflutningnum. En Meta og Jurij flytja meðal annars inn slóvenskar ólífur, súrar gúrkur, olíur og hunang. Aðferðina kalla þau uppvinnslu (upcycling). ■

SUMARFRÍ

4 VIKUR

20 KR.

AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Vertu með afsláttinn í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **20 kr. afslætti*** með Orkulyklinum í sumar.

Orkan — Ódýrasti hringurinn

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð.

Gefa megi fósturvísa og sambúðarform verði ekki tiltekið

erlamaria@frettabladid.is

STJÓRNMÁL „Frumvarpið tekur á afmörkuðum atriðum sem ég hef heyrt í gegnum tíðina, sem fólk nefnir að hafi reynst því erfitt og valdið því sársauka í vegferð sinni að því að eignast barn og verða foreldrar," segir Hildur Sverrisdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp sitt um breytingar á lögum um tæknifrjóvgun.

Hildur segir að í frumvarpinu sé lögð til einföldun á lögum og reglum og boðað aukið frelsi í lagaumgjörð tæknifrjóvgana, með þeim undirtóni að fólki sé treystandi til að fara í þessa vegferð eins og það helst kýs.

„Frumvarpið tekur aðallega til breytinga á tvennu. Annars vegar að það verði ekki lengur gert skilyrði um neins konar sambúðarform gagnvart þeim aðilum sem kjósa að eignast barn saman, heldur verði það frekar háð upplýstu vottuðu samþykki, svo réttindi barnsins séu á kristaltæru," segir Hildur.

Hildur Sverrisdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Þá segir Hildur frumvarpið einnig snúa að því að heimila gjöf fósturvísa.

„Það er mörgum ofsalega dýrmætt að fá tilbúinn fósturvísi að gjöf, en það er bann við því í íslenskum lögum. Þó má gefa bæði egg og sæði, en ekki tilbúinn fósturvísi," segir Hildur.

Aðspurð segist Hildur afskaplega ánægð með að búið sé að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Þó sé allt formlegt samráð eftir. Hún segist vongóð um að þingmenn taki vel í frumvarpið.

„Mér þykir mjög vænt um að hafa fengið fulltrúa allra þingflokka með mér að máli við gerð frumvarpsins, það er ágætis vísbending um að það ríki almenn sátt um það," segir Hildur Sverrisdóttir. ■

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Evrópsk fyrirtæki í Rússlandi verða opinberuð á lista

emd@frettabladid.is

NEYTENDUR Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að hátt í sjötíu neytendasamtök í Evrópu hyggist taka saman upplýsingar um þau alþjóðafyrirtæki sem enn eru starfandi í Rússlandi.

Gefa eigi út lista yfir þessi fyrirtæki svo evrópskir neytendur geti sjálfir ákveðið hvort þeir kjósi að skipta við þau eða ekki. Með þessu séu evrópsk neytendasamtök að sýna samstöðu með Úkraínu.

„Við fengum alveg magnaða ræðu frá fulltrúa neytendasamtaka Úkraínu og í kjölfarið var samþykkt að búa til þennan lista," segir Breki, sem er nú staddur í Brussel á árlegum fundi BEUC, regnhlífarsamtaka neytendasamtaka í Evrópu. Hann segir ýmislegt hafa verið rætt á fundinum, meðal annars hækkandi verð á hrávöru og stríðið í Úkraínu. ■

LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega merkt inn á kort að meirihluti sveitarstjórnar Hornafjarðar hefði haldið í liðnum kosningum. Framsóknarflokkurinn missti meirihluta sinn.

Fiskur frá Íslandi tvöfaldast í verði

Útflutningur á íslenskum fiski hefur stóraukist og verðið rokið upp, meðal annars vegna stríðsins í Úkraínu. Fisksalar í Bretlandi hafa hins vegar áhyggjur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Stuðningsmenn Everton hugga sig með alþýðuréttinum fiski og frönskum við Goodison Park. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SJÁVARÚTVEGUR Verð á íslenskum fiski í Bretlandi hefur hækkað um 93 prósent á einu ári og fisksalar þar óttast að verða verðlagðir út af markaðinum.

Stríðið í Úkraínu spilar stóra rullu og gæti gert út af við marga sölumenn sem selja þjóðarrétt Bretlands, fisk og franskar.

Íslendingar flytja mest út af þorski til Bretlands. Árið 2020 voru flutt út þangað 23 þúsund tonn, eða meira en 16 prósent afurðanna. Mikið af íslenska þorskinum endar steiktur í dagblaði með frönskum kartöflum og tómatsósu.

Fjörutíu prósent af þeim fiski sem notaður er í réttinn kemur hins vegar úr rússneskum sæ og helmingurinn af steikingarolíunni frá sólblómaökrum Úkraínu. Það er í venjulegu árferði. Þessi framboðskrísa kemur beint ofan í erfiðleika tengda faraldrinum, versnandi lífskjör í Bretlandi og ört hækkandi verð á olíu, flutningi og flestu öðru.

„Allt er að hækka," sagði Andrew Crook, forseti hinna hundrað ára gömlu Samtaka breskra fisksteikjenda, NFFF, við fréttastöðina CNN. Innan þeirra vébanda eru 1.200 staðir sem selja fisk og franskar. „Við eigum á hættu að verðleggja okkur út af markaðinum."

Bretar ætlast til þess að fiskur og franskar séu ódýr matur. En verðið á skammtinum hefur þegar hækkað úr 7 pundum í 8,5. Þetta er aðeins 21 prósents hækkun en steikingarolían hefur hækkað um 83 prósent og fiskurinn enn meira.

> Það er nokkuð augljóst að ef verð á fiski hækkar umfram það sem kaupendur eru tilbúnir að greiða, þá mun hann gefa eftir þar til verð hefur náð jafnvægi.
>
> Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi SFS

Kassi af íslenskum fiski hefur hækkað úr 140 pundum í 270 á einu ári, um 93 prósent. Staðirnir eru að taka hækkanirnar á sig og Crook óttast að allt að þriðjungur hætti starfsemi á þessu ári.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að íslenskur útflutningur væri í hæstu hæðum. Til dæmis jókst útflutningur sjávarafurða um 44 prósent á tveimur árum.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi hjá SFS, segir samtökin ekki fylgjast með afurðaverði hjá einstökum seljendum. En að sjófrystar afurðir, sem mest er flutt af til Bretlands, hafi hækkað mest.

Það sem skýri hækkanirnar sé staðan í alþjóðaviðskiptum vegna Covid-19 sem enn þá hafi ekki tekist að vinda ofan af. Ofan á þetta bætist stríðið og allt þetta leiði til hærra verðs. Hann bendir þó á að fiskur sé ekki að hækka umfram aðrar vörur nema síður sé. Samkvæmt tölum Seðlabankans hafi til að mynda landbúnaðarvörur hækkað mun meira í verði en sjávarafurðir.

„Það er nokkuð augljóst að ef verð á fiski hækkar umfram það sem kaupendur eru tilbúnir að greiða, þá mun hann gefa eftir þar til verð hefur náð jafnvægi. Það á við um flesta hluti og seljendur á fiski frá Íslandi eru meðvitaðir um það," segir Benedikt.

Viðskiptasamböndin séu mörg hver áratuga gömul en verðhækkanir, á nauðsynjavörum sem og öðrum vörum, geti breytt neyslumynstrinu. „Það gæti til að mynda leitt til þess að eftirspurn eftir dýrari matvöru gæti dregist saman og því eru vissulega ákveðin hættumerki fólgin í mikilli hækkun á fiskverði," segir hann. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16 Jeep

CLINIQUE

Kynningardagar
í verslunum Hagkaups

19. - 25. maí

20% afsláttur

af öllum CLINIQUE vörum

Þessi veglegi kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 9.800 kr. eða meira*.

**meðan birgðir endast*

HAGKAUP

Reykjanesskagi vaknaður eftir 800 ár

benediktarnar@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Það voru margir skjálftar og nokkuð snarpir sem áttu upptök sín mjög nærri bænum núna um síðustu helgi. Fólk varð vart við þá og við það rifjuðust upp kannski atburðir sem voru fyrir rúmu ári þegar gaus," segir Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur.

Haldinn verður íbúafundur í Grindavík í dag vegna óvissustigs sem lýst hefur verið yfir vegna jarðskjálftahrinu á Reykjanesskaga.

„Þetta er ekki þægilegt og fólki líður misilla með þetta. Það er þess vegna sem við viljum halda þennan fund," segir Fannar.

Vísindamenn og fulltrúar frá lögregluembættinu verða á fundinum.

„Það eru miklar og góðar mælingar sem eru gerðar á þessu svæði. Menn eru reynslunni ríkari frá jarðskjálftahrinum á Reykjanesinu og svo eldgosinu í Geldingadölum. Það er bara verið að reyna geta í það sem menn sjá fyrir sér og upplýsa fólk," segir Fannar.

Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spurður hvort Grindavík sé reiðubúin fyrir annan eins ferðamannastraum og flæddi yfir bæinn við gosið við Fagradalsfjall segir Fannar svo vera.

„Það var strax tekin sú ákvörðun á sínum tíma að vera ekki að hefta för fólks að þessu mjög merkilega náttúrufyrirbæri," segir Fannar. Reykjanesskaginn sé vaknaður. „Eftir 800 ára svefn er hann að vakna á nýjan leik. Það virðist vera heilmikið líf undir fótunum á okkur og menn vitandi þetta eru bara að reyna undirbúa sig sem best." ■

Samingur KAPP við Karstensen Skibsværft var undirritaður í Færeyjum í gær. MYND/AÐSEND

Samið við danska skipasmíðastöð eftir að Rússland lokaðist á tæki frá KAPP

ser@frettabladid.is

IÐNAÐUR Íslenska iðnfyrirtækið KAPP ehf. og danska skipasmíðastöðin Karstensen Skibsværft undirrituðu í gær samning um kaup á kælibúnaði sem fer í skip frá þremur útgerðum í Noregi, Svíþjóð og Skotlandi.

Öll skipin eru hönnuð af Karstensen Skibsværft í samvinnu við kaupendur. KAPP ehf. mun sjá um framleiðslu og uppsetningu á Optim-ICE® ískrapakerfum um borð í öll skipin, sem eru allt að 77 metrar á breidd og ríflega 15 metrar á breidd.

„Þetta er stór og mikilvægur samningur og sérstaklega í ljósi þess að Rússland hefur lokast. Rússland hefur verið stór markaður fyrir okkur en við höfum þurft að hugsa upp á nýtt og stilla upp nýju leikkerfi," segir Freyr Friðriksson, eigandi KAPP, en undirskrift samningsins fór fram á sjávarútvegssýningunni í Færeyjum í gær.

Hann segir að Optim-ICE® kælibúnaðurinn hafi á undanförnum árum sannað sig sem sérlega góð hraðkæling fyrir útgerðir og fiskvinnslur. „Um er að ræða fljótandi ís sem leysir af hólmi hefðbundinn flöguís og er framleiddur um borð í skipunum. Kælingin umlykur fiskinn og heldur honum í kringum 0°C allan fiskveiðitúrinn, í löndun og flutningum, en kælikeðjan rofnar því aldrei," segir Freyr. ■

Sýnum öll í vilja og verki vöxt og trú og bræðralag, segir í skólasöng MA sem Davíð Stefánsson orti. Nokkuð vantar þó upp á bræðralagið milli skólanefndar MA og kennara skólans þessa dagana. MYND/?

Vék ekki sæti er yfirmaður sótti um skólameistarastarf

Menntamálaráðuneytið bregst við kröfu kennara um að skólanefnd MA verði leyst upp vegna ráðningarferlis nýs skólameistara. Umsækjandi um stöðuna er yfirmaður nefndarmanns sem ekki vék sæti við afgreiðslu málsins.

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Mikil úlfúð ríkir meðal kennara við Menntaskólann á Akureyri (MA) vegna vinnu skólanefndar skólans við umsóknir um stöðu skólameistara.

Kennarar kröfðust þess að Ásmundur Einar Daðason, menntamálaráðherra, leysti upp skólanefnd MA og ákvað ráðuneytið í gær að skipa nefnd til að rannsaka störf skólanefndar.

„Til að sátt ríki um skipunina hefur Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, ákveðið að skipa sérstaka hæfninefnd utanaðkomandi sérfræðinga til að leggja mat á sömu gögn frá umsækjendum og skólanefndin byggði umsögn sína á," segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. Enn fremur segir að ráðuneytið taki ábendingar Kennarafélags skólans alvarlega.

Jón Már Héðinsson skólameistari hættir störfum í ár vegna aldurs. Að loknu umsóknarferli raðaði skólanefnd MA sjö umsækjendum eftir hæfi og mælti með einum umsækjanda við ráðherra. Trúnaður ríkir um niðurstöðuna en ekki er ólíklegt að um ræði Karl Frímannsson sviðsstjóra hjá Akureyrarbæ. Auk Karls er meðal umsækjenda Sigurlaug A. Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari. Ásmundur Einar skipar í embættið til fimm ára.

> Er Kennarafélag Menntaskólans á Akureyri hæft til að meta störf nefndarinnar?

Kristrún Lind Birgisdóttir, formaður skólanefndar MA

Karl Frímannsson, sviðsstjóri hjá Akureyrarbæ

Á fundi skólanefndar MA 5. maí síðastliðinn kom fram að borist hefðu frá Kennarafélagi MA athugasemdir um hæfi tveggja nefndarmanna vegna mögulegra tengsla þeirra við Karl. Annar nefndarmaðurinn er Elías Gunnar Þorbjörnsson. Karl er yfirmaður hans hjá bænum og réð hann til starfa.

Í ályktun kennara við MA sagði að svo virtist sem skólanefnd hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Kennarafélagið fór sem fyrr segir fram á að ráðherra leysti skólanefndina upp og taldi að ráðningarferlið bæri að endurtaka.

Valdís Björk Þorsteinsdóttir, formaður kennarafélagsins við MA, segir mikilvægt að störf skólanefndar séu hafin yfir allan vafa.

Kristrún Lind Birgisdóttir, formaður skólanefndar MA, vísar því á bug að nefndin hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Skólanefnd sé ekki hæfisnefnd.

Spurð hvort betra hefði verið ef Elías Gunnar hefði vikið sæti vegna stöðu hans og Karls innbyrðis þegar nefndin fjallaði um skólameistaramálið, segir Kristrún að allir nefndarmenn hafi metið sig hæfa í þetta verkefni sem ráðuneytið fól nefndinni.

Áður en ráðuneytið birti viðbrögð sín í gær sagði Kristrún að snúa mætti gagnrýni kennara og ávirðingum um íhlutun skólanefndar við og spyrja: „Er Kennarafélag Menntaskólans á Akureyri hæft til að meta störf nefndarinnar? Það eru þrír umsækjendur innan veggja skólans um þessa stöðu."

Karl Frímannsson vildi ekki tjá sig. ■

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 19.–22. maí

Grill-tvenna

Lambamjöðm & nauta-rumpsteik

2.399 kr/kg

~~3.999 kr/kg~~

Lamba-ribeye, kryddlegið

3.427 kr/kg

~~4.896 kr/kg~~

Appelsínur

230 kr/kg

~~329 kr/kg~~

Nautagúllas

1.979 kr/kg

~~3.299 kr/kg~~

Kjúklingabringur í piparmaríneringu

2.099 kr/kg

~~2.999 kr/kg~~

Langa í grillsmjöri Hafið

2.449 kr/kg

~~3.499 kr/kg~~

Hamborgarar 2x175 g

719 kr/pk

~~899 kr/pk~~

Adults Multi vitamins VitaYummy, 350 g

2.249 kr/pk

~~2.999 kr/pk~~

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Villtir fuglar enn að greinast með fuglaflensu

ragnarjon@frettabladid.is

NÁTTÚRA Fuglaflensa greindist í 19 sýnum af 76 sem rannsökuð hafa verið úr dauðum fuglum hér á landi.

Þá hefur veiran greinst í yfir átta tegundum af fuglum, þar á meðal: grágæs, haferni, heiðagæs, helsingja, hrafni, skúmi, súlu og svartbaki.

Matvælastofnun biðlar til fólks að tilkynna til stofnunarinnar alla dauða villta fugla sem kunna að verða á vegi þess. Einnig er minnt á að reglur um tímabundnar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja fuglaflensu eru enn í gildi. ■

Geðdeild Landspítalans við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rúmlega þúsund sviptir á tíu árum

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG 1.146 einstaklingar hafa verið sviptir á undanförnum áratug. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Evu Sjafnar Helgadóttur, þingmanns Pírata.

Meðallengd lögræðissviptingar er rúm 4 ár.

Flestir hafa verið fjárræðissviptir, eða 559 einstaklingar, síðan árið 2012. Þar af voru 11 einstaklingar sem voru sviptir fjárræði yfir tiltekinni eign. Meðaltímalengd fjárræðissviptinganna var tæplega þrjú og hálft ár.

Þar á eftir kemur sjálfræðissvipting, sem alls 394 einstaklingar hafa undirgengist. Þær sviptingar eru hins vegar mun styttri, eða rúmt eitt ár að meðaltali.

Þá hafa 193 einstaklingar verið lögræðissviptir á liðnum áratug, það er bæði sjálfræðis- og fjárræðissviptir. Tímalengdin er lengst í þessum tilfellum, eða rúm fjögur ár að meðaltali. ■

Ríkisstjórnin býður fjölskyldum afganskra flóttamanna til Íslands

Ísland mun stuðla að fjölskyldusameiningu afganskra flóttamanna í viðkvæmri stöðu. Félags- og vinnumarkaðsráðherra segir neyðina í Afganistan í kjölfar valdatöku Talibana gífurlega.

tsh@frettabladid.is

Afganskar konur á leið með börn sín í skóla í Bamyan-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FLÓTTAFÓLK Ríkisstjórnin samþykkti á dögunum tillögu Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnumarkaðsráðherra, um að taka sérstaklega á móti fjölskyldum ungra afganskra flóttamanna sem fengu vernd á Íslandi eftir 18 ára aldur.

Ráðherra fól flóttamannanefnd að útfæra tillögur um sérstaka móttöku þessa hóps hingað til lands í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar fyrr í vetur um að taka sérstaklega á móti fólki í viðkvæmri stöðu frá Afganistan.

Guðmundur Ingi segist hafa farið að huga sérstaklega að því hvort Ísland gæti tekið á móti fólki frá Afganistan sem væri sérstaklega jaðarsett vegna valdatöku Talibana, eftir að hann tók við embætti í nóvember 2021.

„Við erum að fá fréttir og höfum verið að fá fréttir af því á síðustu mánuðum að Talibanar eru að útiloka stúlkur frá námi og gera konum mjög erfitt fyrir að taka þátt í samfélaginu, meðal annars með því að þær megi ekki fara út fyrir hússins dyr nema brýna nauðsyn beri til og þá með karlmanni," segir hann.

Í tilkynningu frá stjórnarráðinu segir að í aðgerðum stjórnvalda verði „horft sérstaklega til fjölskyldusameiningar við einstaklinga sem fengu alþjóðlega vernd hér á landi eftir 18 ára aldur en voru fæddir árið 2000 eða síðar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum." Búist er við því að hægt verði að bjóða á milli 50 og 60 manns á þessum forsendum.

„Auðvitað er það þannig að það eru fjölskyldur þar sem kannski fjölskyldufaðirinn er fallinn frá og þess vegna fórum við og litum á þetta og útfærðum þetta þannig að við séum að taka sérstaklega á móti fjölskyldum ungra afganskra flóttamanna hérlendis sem hafa fengið hérna vernd. Þá erum við að horfa til fjölskyldna þar sem um er að ræða einstæðar mæður og börn þeirra eða ef fjölskyldufaðirinn er fatlaður og reiðir sig á afkomu og umönnun annarra vegna fötlunar sinnar," segir Guðmundur Ingi.

Það er auðvitað afar brýnt að mínu mati að reyna að mæta þessum hópi með einhverjum hætti.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

Þá er einnig lagt til að fjölskyldusameiningar nái til fjölskyldna sem dvelja í nágrannaríkjum við Afganistan eins og á við um almennar fjölskyldusameiningar. Að sögn Guðmundar Inga var þörf á að afmarka hópinn að einhverju leyti þótt ljóst sé að neyðin í Afganistan sé gífurleg um þessar mundir. Til dæmis hefur mikil hungursneyð og skortur á nauðsynjavörum plagað landið síðustu mánuði, auk þess sem stjórn Talibana hefur þrengt að mannréttindum þegna sinna til muna.

„Neyðin þarna er bara ofboðslega mikil. Það er auðvitað afar brýnt að mínu mati að reyna að mæta þessum hópi með einhverjum hætti," segir ráðherra.

Að hans sögn mun það þó vera töluverð áskorun að koma flóttamönnunum hingað til lands.

„Það er ekkert einfalt mál og það var líka erfitt í þessum hópi sem kom með ákvörðuninni í ágúst, þar var síðasta fólkið að koma rétt fyrir jól. Það er bara stór áskorun sem við einhendum okkur í núna þegar þessi ákvörðun liggur fyrir og reynum að eiga samstarf um það við aðrar þjóðir eða önnur ríki sem eru ennþá að taka á móti flóttafólki frá Afganistan."

Í kjölfar valdatöku Talibana í ágúst 2021 bauð ríkisstjórnin 120 Afgönum hæli á Íslandi sem voru með tengsl við Ísland fyrir.

Að tillögu flóttamannanefndar var sérstök áhersla lögð á einstaklinga sem unnu fyrir NATO, fyrrverandi nemendur við Alþjóðlega jafnréttisskólann á Íslandi og einstaklinga sem áttu rétt á fjölskyldusameiningu eða voru þegar komnir með samþykkta umsókn um dvalarleyfi. Guðmundur segir 83 einstaklinga hafa þegið boðið en einhverjir fengu vernd annars staðar. Spurður um hvernig þessu fólki hafi farnast á Íslandi segir ráðherra:

„Ég veit ekki betur en það sé í góðum farvegi en það eru alltaf stórar áskoranir þegar fólk kemur. Sérstaklega þar sem um mikla neyð er að ræða, alveg sama hvort hún er vegna mannréttindabrota eða stríðs eða fátækar. Það er mjög fjölbreyttur vandi sem þetta fólk á oft við að etja, en það að geta boðið því vernd, við erum bara rík þjóð, og það er náttúrlega bara óskaplega gott að geta gert það." ■

Pizza Hut
STÓR PIZZA 1.590
PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA
Í HAFNARFIRÐI
PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR
pizzahut.is - 515 1617 - Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

Uppgangur öfgaafla í Evrópu og stríðsástand í álfunni ógnar ferðaöryggi hinsegin ferðalanga. PEXELS/KAMAJI OGINO

Pólitískt landslag ógnar hinsegin ferðalöngum

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Hinsegin pör verða fyrir óráreitni og bakslag í réttindabaráttu ógnar öryggi þeirra í ferðum erlendis, að mati eiganda hinsegin-ferðaþjónustufyrirtækis hér á landi og framkvæmdastjóra Samtakanna '78.

Eva María Þórarinsdóttir Lange, er einn þriggja eigenda ferðaskrifstofunnar Pink Iceland, sem sérhæfir sig ferðum hingað til lands með áherslu á hinsegin ferðalanga. Þó er stærstur hluti viðskiptavina Pink Iceland gagnkynhneigð pör sem koma hingað til lands að gifta sig. „Okkar sérhæfing er á Íslandi og við einbeitum okkur að því hvernig er fyrir fólk að koma hingað," segir hún í samtali við Fréttablaðið. „En það er alltaf hætta á að það sé bakslag í réttindabaráttu. Við sjáum það núna gerast, og finnum fyrir því hjá okkur."

Eva María segir að ferðahegðun fólks sé að breytast vegna Úkraínu og flugum frá Bandaríkjunum til Evrópu sé að fækka. Þó virðist Ísland vera tekið út fyrir sviga í því samhengi. „Ísland er ekki inni í þeirri mynd, fólk lítur á Ísland sem öruggan áfangastað. Bæði vegna þess að hér er öruggt að vera hinsegin og svo út af öðrum öryggistengdum þáttum."

Veruleiki erlendra ferðamanna

Hún segist gjarnan fá spurningar á þá leið, hvers vegna þurfi fyrirtæki á borð við Pink Iceland, þegar allt sé „svo frábært á Íslandi."

Eva María segist þá benda á að allur kúnnahópur fyrirtækisins sé erlendis frá, og þeirra veruleiki heima sé því öðruvísi. Hún segist einnig spurð hvers vegna þær séu ekki bara í hefðbundnum brúðkaupsbransa, „af því að við erum með fleiri gagnkynhneigð brúðkaup. En við viljum ekki gefa afslátt af þessum gildum sem við stöndum fyrir. Það laðar að meira af bæði hinsegin- og gagnkynhneigðum pörum sem eru þannig þenkjandi. Það eru þannig pör sem við viljum fá."

Hún segir þá stefnu vera einskonar filter, sem tryggi að þau fái ekki til sín fólk sem er hómófóbískt.

Ísland í 11. sæti yfir hinsegin-væna áfangastaði

Í rannsókn asherfergusson.com á hinsegin-vænum áfangastöðum er horft til löggjafar í hverju landi sem snýr að réttarstöðu hinsegin fólks þegar kemur að hjúskap og barneignum, auk lagabókstafs sem snýr að hatursorðræðu og glæpum.
Ísland má samkvæmt þeim lista gera betur.

„Ég var að hitta par núna í morgun, hún er dönsk og hann er Bandaríkjamaður. Þau sögðu að ein af mörgum ástæðum fyrir að þau völdu Ísland væri að þau gætu verið á stað þar sem vinahópnum þeirra, sem að stórum hluta er hinsegin, liði vel."

Segir breytinguna áþreifanlega

Aðspurð hvort að hún finni fyrir breytingu í kjölfar uppgangs öfgaafla í Evrópu, svarar Eva María játandi. „Það er áþreifanleg breyting núna," segir hún. „Og sem dæmi má nefna að sem hinsegin ferðamaður biður þú helst ekki um hjálp nema þú vitir að þú sért að spyrja manneskju sem er tilbúin að veita þér slíka aðstoð."

Eva María segir að þegar hún heimsæki land sem hún þekki ekki til, byrji hún á að gúggla hvort að einhver hinsegin starfsemi sé á viðkomandi áfangastað. „Einfaldasta myndin af því er einhver hinsegin bar eða kaffihús," segir hún. „Ég tala fyrir mig og Birnu konuna mína, en við notum þetta sem hálfgerðan öryggispunkt. Ef þetta er stórborg sem er ekki þekkt fyrir að vera hinsegin-friendly, byrjar maður til dæmis þar og hefur samband við viðkomandi stað."

Forðast að leiða karla

„Ég reyni bara að forðast að leiða manneskju af sama kyni og ég, alls staðar. Meira að segja á Íslandi," segir Daníel E. Arnarson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78. „Ég geri þetta til að verja sjálfan mig, en maður verður ekki endilega fyrir áreitni eða ofbeldi. Maður fær spurningar."

> Það er alltaf hætta á bakslagi í réttindabaráttu. Við sjáum það núna gerast og finnum fyrir því hjá okkur.

Eva María Þórarinsdóttir Lange

> Ég reyni bara að forðast að leiða manneskju af sama kyni og ég, alls staðar. Meira að segja á Íslandi.

Daníel E. Arnarsson

Aðspurður um upplifun sína sem samkynhneigður ferðamaður erlendis nefnir hann ferðalag á Írlandi sem dæmi, þar sem hann ferðaðist með kærasta. „Þar var pínu vesen að fá tvíbreitt rúm. Þau vildu endilega setja tvö einbreið rúm í herbergið þrátt fyrir að ég hafi beðið um tvíbreitt," segir hann.

„Það örlar á þessu enn þá. Mann myndi langa að segja að þetta skipti ekki máli, og við séum komin lengra, en það er ekki þannig. Hinsegin fólk þarf alltaf að vera á varðbergi."

Daníel bætir við að þetta kunni að hljóma fyrir einhverjum eins og smámál. „En það er ekki gert ráð fyrir að tveir karlar deili rúmi eða leiðist. Eða deili pínulitlum kossi á almannafæri. Svo sér maður gagnkynhneigt fólk í mökk-sleik í heitum pottum. Ef ég væri að þessu yrði mér bara vísað út."

Ferðast ekki hvert sem er

Aðspurður um Evrópulönd sem hann treysti sér ekki til að heimsækja í dag, nefnir hann Ungverjaland og Pólland. „Það eru ákveðin lönd sem ég myndi bara ekki fara til. En svo er líka hægt að nefna lönd sem trans fólk myndi ekki ferðast til núna. Orðræðan í Bretlandi er ógeðsleg þegar kemur að trans fólki. Ég veit ekki hvernig er að vera trans, en ég get ímyndað mér að það sé ekki skemmtilegt að ferðast þangað."

Daníel segir fordómana ekki endilega birtast í því að fólk sé að öskra á hinsegin fólk úti á götu, heldur frekar í óráreitni og að ekki sé gert ráð fyrir hinsegin samfélaginu.

„Mér hefur fundist íslensk ferðaþjónusta gera ansi vel. Ég er alltaf að sjá hinsegin túrista. Mér finnst það frábært og ég vil að Ísland sé landið sem hinsegin fólk getur heimsótt án þess að þurfa að pæla í þessu."

Telja íslenskri löggjöf ábótavant

Samkvæmt umfangsmikilli rannsókn ferðasíðunnar Asher & Lyric, sem sérhæfir sig í ferðaöryggi og The New York Times, The Guardian, Forbes og The Times hafa vitnað til, er Ísland í 11. sæti á heimslista yfir öruggustu lönd heims fyrir hinsegin ferðamenn, fyrir ofan Sviss og á eftir Frakklandi. Efst á listanum er Kanada.

Það sem rannsakendur vísa til, sem ýtir Íslandi út af topp 10 listanum, er að vernd hinsegin fólks sé ekki tryggð í íslenskum lögum, samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. Þá er einnig talið að íslenska löggjöfin skilgreini hótanir gegn hinsegin hópum sem hótunarbrot en ekki sem hatursglæpi. ■

> Ég vil að Ísland sé landið sem hinsegin fólk getur heimsótt án þess að þurfa að pæla í þessu.
>
> Daníel E. Arnarsson

Hinsegin-laus svæði falla eitt af öðru eftir dóma í Póllandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

PÓLLAND Dómstóll í pólska héraðinu Lublin hefur snúið við ákvörðun yfirvalda um að héraðið sé „laust við hinsegin hugmyndafræði“. Sams konar yfirlýsingu Ryki-sýslu, í Lublin, var einnig snúið við.

Um eitt hundrað héruð, sýslur og sveitarfélög í Póllandi voru yfirlýst „hinsegin-laus“ fyrir rúmum tveimur árum síðan. Einkum í suður- og austurhluta landsins þar sem hægri íhaldsöfl og kaþólska kirkjan eru sterkust. Í þessu fólst takmörkun á frelsi hinsegin fólks, meðal annars félagafrelsi og frelsi til að mynda til að halda viðburði.

Ríkisstjórnarflokkurinn Lög og réttlæti, sem er hægri popúlískur flokkur, hefur látið þessar yfirlýsingar óátaldar og í raun leynt og ljóst stutt þær.

Evrópusambandið hefur gagnrýnt þær harkalega og meðal annars haldið eftir Covid-styrkjum til þessara svæða. Þessi þrýstingur hefur valdið því að yfirvöld á mörgum þessara svæða hafa dregið yfirlýsingar sínar til baka.

Úrskurðirnir tveir sem féllu á dögunum eru ekki þeir einu. Sjö sinnum áður hafa dómstólar snúið við yfirlýsingum um að svæði séu „hinsegin-laus“. Það er umboðsmaður pólska þingsins, sem hefur það hlutverk að verja mannréttindi, sem hefur rekið málin. ■

Hinsegin ganga í Kraká. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Framarar spila nú í Safamýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fram fær styrk frá íbúum hverfisins

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals styrkir íþróttafélagið Fram um tvær milljónir króna. Ein milljón fer í fyrsta heimaleik félagsins í Úlfarsárdal sem stefnt er á að verði gegn Val 29. maí. Hálf milljón á að fara í opnunarhátíð og önnur hálf milljón fer í verkefnið Fyrsti heimaleikurinn.

Þá fékk Fram 300 þúsund vegna verkefnisins Gróðursetning við völlinn. Barna- og unglingaráð fékk tæpa hálfa milljón vegna Útilífsskóla og sumarskemmtunar. Loks fékk handboltadeildin 250 þúsund til að borga tónlistaratriði og veitingar fyrir fyrsta heimaleikinn. ■

Borgin útvegi lóðir á Kjalarnesi

benediktboas@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL „Eftirspurn hefur verið eftir lóðum til uppbyggingar á Kjalarnesi í langan tíma án þess að borgin hafi brugðist við og úthlutað sínum eigin lóðum þar,“ segir í bókun Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna, fulltrúa foreldrafélaga og íbúasamtaka, sem lögð var fram á síðasta Íbúaráðsfundi Kjalarness.

Fulltrúarnir telja að úthluta eigi lóðunum við Búagrund 16 og Helgugrund 9 tafarlaust og segja mikilvægt að styrkja byggðina á Kjalarnesi þar sem mikil nemendafækkun hefur verið í Klébergsskóla. ■

Fá grænkerafæði í skólum Kópavogs

benediktboas@frettabladid.is

KÓPAVOGUR Menntaráð Kópavogs samþykkti á síðasta fundi sínum tillögu um gerð áætlunar um að boðið verði upp á grænkerafæði í grunnskólum bæjarins.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata, lagði fram tillögu um grænkeravalkost í mötuneytum bæjarins og fagnaði menntaráð því að börnum verði boðið upp á grænkeramat í öllum grunnskólum.

Beinir ráðið því til leikskólanefndar að vinna einnig að innleiðingu þess í leikskólum bæjarins enda eigi ekki að mismuna börnum eftir skólastigi. ■

Segir Ísland með kjörið loftslag fyrir rafbíla

magdalena@frettabladid.is

Ísland er með kjörið loftslag fyrir rafbíla og engin dæmi eru um það á Íslandi að rafhlaða í rafbíl hafi orðið fyrir skemmdum vegna loftslags. Þetta sagði Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, í sjónvarpsþættinum Markaðnum sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gærkvöldi.

„Það gerist mjög sjaldan hér á landi að við fáum mikið frost, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Við fáum aldrei mikinn hita heldur en þessi tvö atriði hafa hvað mest áhrif á rafhlöðurnar sjálfar," segir Tómas og bætir við að þetta hafi verið vandamál fyrir um áratug en sé ekki til staðar í dag.

Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands

„Rafbílar í dag eru framleiddir allt öðruvísi en rafbílar fyrir tíu árum en á þeim tíma voru rafbílarnir í erfiðleikum með mikinn kulda og mikinn hita. En í dag er það ekkert vandamál."

Tómas segir auk þess að í raun sé framleiðsla á rafbílum ekki óumhverfisvænni heldur en á eldsneytisbílum.

„Það hafa verið miklar vangaveltur í kringum þetta hræðilega kóbalt sem er notað í rafhlöðurnar og á að vera svo hræðilegt fyrir umhverfið. Síðan kemur í ljós að 80 prósent af kóbalti í heiminum eru notuð til að hreinsa dísilolíu en ekki til að framleiða rafhlöður. Þetta er búið að vera mikill skotgrafahernaður í kringum framleiðslu á rafbílum. En kjarni málsins er sá að framleiðsla á rafbílum er ekki meira mengandi en framleiðsla á eldsneytisbílum." ■

Controlant leitar út til Evrópu vegna skorts á sérfræðingum hér á landi

Engan óraði fyrir ævintýralegum vexti Controlant í gegnum Covid-19 heimsfaraldurinn. Fyrirtækið hundraðfaldaði framleiðsluna á innan við tveimur árum. Skortur á sérfræðingum gerir það að verkum að fyrirtækið horfir nú út fyrir landsteinana til að standa undir frekari vexti.

ggunnars@frettabladid.is



Erlingur segir lykilinn að gríðarlegum vexti Controlant að mestu leyti starfsfólkinu að þakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þótt Controlant fagni 15 ára afmæli um þessar mundir, var það ekki fyrr en fyrir tveimur árum sem fyrirtækið skaust upp á stjörnuhimininn. Controlant hafði vaxið jafnt og þétt árin fyrir heimsfaraldur en ekkert í líkingu við það sem fylgdi í kjölfarið.

Allt hófst þetta með hugmynd sem gekk út á að mæla þrýsting í dekkjum. Tæknilausnin umbreyttist svo í vöru sem tryggir örugga afhendingu lyfja. Controlant lék þannig lykilhlutverk í dreifingu Covid-19 bóluefna í samstarfi við Pfizer-lyfjaframleiðandann.

Erlingur Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar og einn stofnenda Controlant, segir þetta ferðalag fyrirtækisins í raun lygilegt.

„Í upphafi vorum við bara að leika okkur með þráðlausa tækni. Það tengdist lyfjageiranum ekki neitt. Það var svo í kringum 2008 sem Bessi Gíslason lyfjafræðingur kom að máli við okkur og sá not fyrir lausnina okkar í tengslum við vöktun lyfja. Þá má eiginlega segja að boltinn hafi byrjað að rúlla."

Í svínaflensufaraldrinum samdi Controlant svo við sóttvarnalækni um vöktun bóluefnakæla.

„Það er svo merkilegt að þetta skref, þessi ákvörðun, að smíða kerfi sem vaktaði bóluefni gegn svínaflensu fyrir 12 árum, það lagði í raun grunninn að því sem við erum í dag. Við erum enn að keyra allt okkar módel á því sem við lærðum í tengslum við þá vinnu," segir Erlingur.

> **Í lok síðasta árs vorum við að framleiða um 180 þúsund tæki á mánuði. Við þurftum að hundraðfalda framleiðsluna.**
>
> Erlingur Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá Controlant

Þegar Covid-faraldurinn skall á sogaðist fyrirtækið svo inn í atburðarás sem Erlingur segist ekki geta líkt við annað en stormsveip. „Áður en við vissum af vorum við komin með samninga við tvö af fimm stærstu lyfjafyrirtækjum heims. Það var árið 2019."

Vöxturinn sem fylgdi í kjölfarið hjá Controlant var ævintýralegur. „Ef við tökum nokkur dæmi þá vorum við um mitt ár 2020 að framleiða um það bil 2 þúsund tæki á mánuði. Í lok síðasta árs vorum við að framleiða um 180 þúsund tæki á mánuði. Við þurftum að hundraðfalda framleiðsluna."

Starfsfólki Controlant hefur fjölgað úr 50 í 370 á síðustu tveimur árum. Erlingur segir fyrirtækjamenninguna lykilinn að vextinum. „Að hlúa að ferlum og passa upp á mannauðinn. Við höfum aldrei getað þetta án starfsfólksins. Við höfum lagt okkur fram við að passa upp á þann hluta starfseminnar."

Erlingur segir það reglulega til umræðu hvort íslenskur vinnumarkaður sé nægilega stór fyrir svo öran vöxt í sérhæfðum geira. „Við höfum hingað til keyrt vöxtinn á Íslandi og það hefur gengið ágætlega. Við höfum verið með hluta þjónustunnar erlendis en nú er eiginlega komið að þeim tímapunkti að við verðum að komast í tæri við stærra mengi vinnuafls með okkar kjarnastarfsemi."

Erlingur segir Controlant í harðri samkeppni um sérfræðinga. Íslenskur markaður er lítill og hátæknifyrirtæki eins og Controlant eru sífellt að reyna að laða erlenda sérfræðinga til landsins.

„En til að standa undir frekari vexti verðum við að færa út kvíarnar og fara með hluta starfseminnar inn á stærri markað."

Erlingur segist sjá fram á að Controlant muni halda áfram að stækka. Við viljum minnka sóun og auka öryggi í flutningum. Það er okkar markmið og drifkraftur," segir Erlingur. ■

Þykir gaman að læra eitthvað nýtt og sinna félagsstörfum

Svipmynd

Rakel Lind Hauksdóttir

Nám:
- BSc. í viðskiptafræði
- ML í lögfræði frá HR

Störf:
Fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 2007-2020, meðal annars aðstoðarmaður framkvæmdastjóra frá 2015.

Fjölskylduhagir:
Í sambúð með Burkna Birgissyni, sjóntækjafræðingi og leikara. Saman eigum við Júlíu Líf og fjórfætlinginn Emblu.

Rakel Lind segir að síðustu tvö ár hafi verið virkilega krefjandi. FRÉTTABLADID/ANTON BRINK

Rakel Lind Hauksdóttir er fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Henni þykir gaman að læra eitthvað nýtt og hennar uppáhaldsborg er Napólí.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það er að læra eitthvað nýtt en ég hef óbilandi trú á því að ég sé fær um að læra hvað sem er. Það er einstök tilfinning að ljúka við eitthvað sem í fyrstu virtist óyfirstíganlegt og ferðalagið þangað er ekki síðra. Undanfarin ár hafa félagsstörf verið mitt helsta áhugamál en ég hef tekið virkan þátt í starfi Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA, og stofnaði einnig pop-up-verkefnið Hugvöll með góðu fólki. Það er einnig gaman að segja frá því að á tímabili voru æfingar með sippubandi mikið áhugamál og nýtti ég allan minn frítíma í að kenna og sýna sipp.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Það er einfaldlega þannig að ég sef eins lengi og ég kemst upp með og kem mér svo út úr húsi á sem skemmstum tíma. Það er svo í bílnum þegar ég bruna Reykjanesbrautina sem ég á nærandi stund. Þann tíma nýti ég til að hlusta á hljóðbók eða eiga gott spjall við vinkonu.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það er The Choice eftir sálfræðinginn dr. Edith Eger. Sagan hennar er áhrifarík og eftir lestur hennar upplifði ég mikið þakklæti. Sem unglingur upplifði Edith hrylling þar sem hún var í haldi nasista í útrýmingarbúðunum í Auschwitz. Martraðarkennd fortíð hennar varð ekki að sársaukafullri framtíð og af vegferð hennar og viðhorfi má svo margt læra. Það sem skín í gegn á vegferð hennar í gegnum lífið er seigla, von og hugrekki og að það erum við sjálf sem veljum hvernig við bregðumst við aðstæðum en hún valdi á hverjum degi í útrýmingarbúðunum að hún ætlaði að lifa.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Síðustu tvö ár hafa verið virkilega krefjandi og segja má að skrifstofa SOS Barnaþorpanna á Íslandi hafi gengið í gegnum breytingaskeið. Við höfum yfirfarið og sjálfvirknivætt ferla en samhliða því innleiddum við nýja vefsíðu og nýtt tölvukerfi. Við breyttum lögum félagsins frá grunni, innleiddum áhættustýringu, formfestum stjórnarhætti og ýmislegt fleira. Við erum fá sem störfum fyrir félagið hér á Íslandi þannig það hefur verið í nógu að snúast.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Stríðið í Úkraínu hefur haft hræðilegar afleiðingar á úkraínsk börn og mun koma til með að hafa neikvæð áhrif á börn í fátækustu ríkjum heims. Við viljum vera til staðar fyrir öll börn og því betur sem gengur að afla fjár því fleiri börnum er hægt að veita stuðning. Helsta áskorunin fram undan er því óneitanlega sú að styrkja fjáröflunarþáttinn. Ég á mér draum um að SOS Barnaþorpin á heimsvísu verði leiðandi á sviði sjálfbærni og við leggjum mikið kapp við það héðan frá Íslandi.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Hótelstýra, ekki spurning. Sem ung kona starfaði ég lengi í hótel- og veitingageiranum og átti mér þann draum að stýra hóteli erlendis. Kikkið sem fylgir því að skipuleggja og tryggja að allt gangi upp er engu líkt.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Napólí er frábær borg sem hefur upp á margt að bjóða. Hún iðar af lífi og hvergi í veröldinni smakkast matur betur en þar. ■

Gott með sumrinu

Þú finnur bækur fyrir öll tækifæri hjá okkur!



Sumar í strandhúsinu

3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.

Maðurinn sem dó tvisvar

3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Reimleikar

3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.



Hálendishandbókin

4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.199 KR.

Fær í flestan sjó

4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.199 KR.



Vítislogar: Heimur í stríði 1939 - 1945

5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 22. maí eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

Breytt pólitík

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Eitt það athyglisverðasta við úrslit nýliðinna sveitarstjórnarkosninga er að Framsóknarflokkurinn líður langtum síður fyrir landsmálin en samstarfsflokkar hans í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn.

Fyrir utan Mosfellsbæ, þar sem Framsókn fór með himinskautum, á þetta á einkum við um Reykjavík, en þar er tveimur síðarnefndu flokkunum augljóslega refsað fyrir Íslandsbankasöluna sem þjóðinni ofbauð, Sjálfstæðisflokknum fyrir að selja bankann góðkunningjum á afslætti – og raunar upphaflega með fyrirhugaðri nafnleynd, en Vinstri grænum fyrir að verja Sjálfstæðisflokkinn í öllu atinu.

Á milli þessa hægriflokks og vinstrihreyfingar stendur Framsóknarflokkurinn staffírugur sem helsti sigurvegari kosninganna og má raunar vel við una um land allt, enda virðist almenningur frekar tilbúinn að fyrirgefa foringja hans fyrir óheppilegt orðbragð en hinum flokksformönnunum tveimur fyrir að fara illa með eigur almennings í bankakerfinu.

En líklega er myndin flóknari, því þótt bankar hafi oftar valdið fjaðrafoki í íslenskri þjóðmálaumræðu, svo jaðrar við byltingu, eru fleiri augljósar breytur í pólitíkinni hér á landi.

Kemur þar líklega þrennt til. Í fyrsta lagi gjalda borgarstjórnarflokkar síðasta kjörtímabils fyrir pólitísk leiðindi og innantóma háreysti þar sem upphrópanir eyðilögðu fyrir almennilegum vinnufriði. Fyrir vikið hrundi virðing almennings fyrir borgarstjórn.

Í annan stað eiga landsmenn að baki tveggja ára farsóttartíma þar sem þeim var öðru fremur kennt að hlýða vísindalegu viti fremur en pólitískum tækifærissinnum, sem kunna á stundum lítið fyrir sér annað en að slá keilur með útúrsnúningum. Og hafi pestin ekki lækkað rostann í pólitíkinni fá Evrópuþjóðir á borð við Íslendinga ömurlegt stríð ofan í alla þessa fyrri óáran.

Allt kallar þetta á mildari pólitík. Líklega má kalla það hófsama miðju. Og það er af því að alþýðan er orðin langþreytt á sjálfvitraknúinni öfgapólitík sem telur sig handhafa sannleikans.

En þá er bara spurningin hvert hin milda Framsókn ætlar sér. Hún þarf öðru fremur að sýna að hún geti unnið í báðar áttir pólitíkurinnar. Og hafandi það í huga að Framsókn fer líklega bæði með Íhaldinu í Kópavogi og Hafnarfirði er líklega ekki góður bragur á því að hún geri það líka í Reykjavík, öllum þremur stærstu bæjum landsins, ofan í landsstjórnina.

Þá þarf Framsókn að vinna með Pírötum. Það gæti hæglega gengið vel. Og breytt landsmálunum, jafnvel til frambúðar. ■

> Allt kallar þetta á mildari pólitík. Líklega má kalla það hófsama miðju. Og það er af því að alþýða manna er orðin langþreytt á sjálfvitraknúinni öfgapólitík sem sem telur sig vera handhafa sannleikans.

Halldór

Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

BDSM
Sá dramatúrg sem stýrir því leikhúsi sem stjórnmálin á Akureyri eru á skilið Grímu ef ekki Tonýverðlaun. Eftir kjörtímabil þar sem öll dýrin í skóginum voru vinir (nema kettir), enginn meirihluti eða minnihluti, er allt breytt. Nú er vargöld stórra orða. L-listinn sakar Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn um svik. Bak við tjöldin voru þeir að ræða við Samfylkinguna og Miðflokkinn um BDSM; ánauð, aga, kvalalosta og sjálfstortímingarhvöt. Næsti kafli verður fullorðins.

Upprisa Miðflokksins
Verði þetta að veruleika er uppi sú staða að Miðflokkurinn er orðinn valdameiri en hann var þrátt fyrir að hafa næstum þurrkast út úr sveitarstjórnum. Ef frá er talin þjóðstjórnin á Akureyri var aðeins einn Miðflokksmaður í meirihlutasamstarfi á síðasta kjörtímabili, Tómas Ellert Tómasson í Árborg. Hann hélt ekki sæti sínu frekar en flokksmenn í Reykjavík, Hafnarfirði, Mosfellsbæ eða Reykjanesbæ. Var andlátstilkynnningu spáð. En nei, fyrir utan Akureyri liggur fyrir að Miðflokkurinn er á leiðinni til valda í Grindavík með þrjá fulltrúa. Verða þá aðeins fulltrúar flokksins í Múlaþingi og Norðurþingi án valda. ■

Framtíð og öryggi Evrópu

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra

Í dag hittast utanríkisráðherrar og aðrir fulltrúar Evrópuráðsins á árlegum ráðherrafundi í Tórínó á Ítalíu. Hvern hefði órað fyrir því þegar ráðherrarnir funduðu í Þýskalandi á síðasta ári að eitt aðildarríki hefði tæpu ári síðar ráðist inn í annað með grimmilegum hætti og að Rússum yrði í kjölfarið vísað úr Evrópuráðinu?

Evrópuráðið á rætur sínar að rekja til tímabilsins eftir síðari heimsstyrjöldina og merkar tilvitnanir í Winston Churchill, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, sýna að Evrópuráðinu var ætlað að stuðla að varanlegum stöðugleika í álfunni. Evrópuráðið er í dag vettvangur um 700 milljóna íbúa sem búa í 46 aðildarríkjum og eiga sér um margt ólíka menningarsögu. Þessar þjóðir hafa þó sameinast um að byggja á lýðræðislegum stjórnarháttum og virða mannréttindi og réttarríkið. Margt hefur breyst í tæplega 75 ára sögu Evrópuráðsins og nú er spurt hvað hafi farið úrskeiðis. Hvernig gat það gerst að eitt ríki Evrópu réðist inn í annað, bryti þar mannréttindi með grófum hætti og eyddi menningarminjum og merkri sögu?

Við þessar aðstæður mun ég ræða stöðu mála við félaga mína í aðildarríkjum Evrópuráðsins í dag. Ég mun fá tækifæri til þess að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri, eindregnum stuðningi við Úkraínu og ræða hvernig við getum sameiginlega stuðlað að friði og öryggi innan Evrópu og tryggt að mannréttindi séu virt innan álfunnar.

Ísland mun taka við formennsku í Evrópuráðinu í nóvember næstkomandi og undirstrika mikilvægi þess að nú verði sem aldrei fyrr lögð áhersla á lýðræðisleg gildi, réttarríkið og mannréttindi. Formennska Íslands gefur líka tækifæri til þess að koma Íslandi og íslenskum lausnum á framfæri, ekki síst á sviði jafnréttismála og varðandi uppbyggingu í þágu barna og ungmenna.

Evrópuráðið er mikilvægur vettvangur samræðu og nýrra lausna. Ísland mun í formennskutíð sinni vinna markvisst að lausnum sem stuðla að lýðræðislegri uppbyggingu og þar með framtíðaröryggi innan Evrópu. ■

> Hvern hefði órað fyrir því [...] að eitt aðildarríki hefði tæpu ári síðar ráðist inn í annað með grimmilegum hætti?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 19. maí 2022



Berta Eyfjörð Matthíasdóttir á N1 Ártúnshöfða segir að stöðin hafi nýlega farið í gegnum miklar endurbætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

N1 Ártúnshöfða er alls ekki bara venjuleg bensínstöð

Á þjónustustöð N1 Ártúnshöfða, sem fór nýlega í gegnum miklar endurbætur, er boðið upp á mjög fjölbreytta þjónustu. Fyrir utan eldsneyti og bílavörur er líka mikið úrval af alls kyns veitingum og vörum og þar er hægt að nálgast sendingar frá miklum fjölda netverslana. 2

„Á hverjum einasta degi koma um 2.500–3.000 viðskiptavinir til okkar á N1 Ártúnshöfða til að sækja þá fjölbreyttu þjónustu sem við bjóðum upp á," segir Berta Eyfjörð Matthíasdóttir á N1 Ártúnshöfða. „Við erum að sjálfsögðu með eldsneyti og bílavörur, en einnig mikið úrval af veitingum og hér er líka afhendingarþjónusta Dropp. Stöðin fór svo nýlega í gegnum miklar endurbætur og er því komin með glæsilegt nýtt og ferskt útlit."

Mikið úrval af alls kyns veitingum

„Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á neysluhegðun viðskiptavina N1, sérstaklega hjá yngri kynslóðunum. Ungir neytendur hugsa almennt öðruvísi um tíma sinn, heilsu og næringu en þeir sem eldri eru og þessi hópur vill auk þess geta nýtt tæknina við ákvarðanatöku," segir Berta. „Þess vegna hefur áhersla N1 á þessu ári beinst að því að byggja upp þjónustumiðaða dagvöruverslun að erlendri fyrirmynd.

Það ættu líka allir að geta fundið veitingar við sitt hæfi hér hjá okkur á Ártúnshöfða, hvort sem það er fyrir morgunmat, hádegismat eða kvöldmatinn og við höfum aukið framboð á hollari fæðu og skyndibita. Svo er að sjálfsögðu alltaf nýmalað og rjúkandi heitt kaffi á könnunni," segir Berta. „Við erum með ilmandi bakkelsi sem er nýbakað á hverjum degi og alls konar samlokur, vefjur, grauta og salöt. Svo er Ísey Skyr Bar með skálar, boozt og safa og veitingastaðirnir Local og Subway eru báðir staðsettir hér. Það er líka góð aðstaða fyrir viðskiptavini til að slaka á og njóta veitinga hér inni á stöðinni."

> **Við erum með eldsneyti og bílavörur, en einnig mikið úrval af veitingum og hér er líka afhendingarþjónusta Dropp.**
>
> Berta Eyfjörð Matthíasdóttir

Hægt að fá sendingar frá netverslunum á þjónustustöðvar

„Lúgan er opin allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og þar geta viðskiptavinir keypt vörur og nálgast sendingar frá Dropp hvenær sem er," segir Berta. „N1 er í samstarfi við Dropp og býður upp á afhendingu á vörum frá 300 netverslunum, þar á meðal ELKO, ASOS, Nespresso, NOVA, Símanum, Vodafone, Spilavinum, Altis, Origo, Leanbody, KIMIKO, Húrra Reykjavík og mörgum öðrum. Afhendingarstaðir Dropp eru á þjónustustöðvum N1 bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Núna nýlega hóf N1 líka að afhenda vörur frá sænsku netversluninni Boozt og viðskiptavinir geta því nálgast sendingar þaðan á þjónustustöðvum N1 um allt land," útskýrir Berta. „Þegar gengið er frá pöntun í netverslun Boozt geta viðskiptavinir einfaldlega valið úr afhendingarstöðum Dropp og fengið sendinguna sína á þá þjónustustöð sem þeim hentar. Það er svo líka hægt að skila vörum frá Boozt á öllum þjónustustöðvum okkar." ■

Berta segir að á hverjum einasta degi komi um 2.500-3.000 viðskiptavinir á N1 Ártúnshöfða til að sækja þá fjölbreyttu þjónustu sem þar er boðið upp á.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á stöðinni er alltaf ilmandi bakkelsi sem er nýbakað á hverjum degi og nýmalað og rjúkandi heitt kaffi á könnunni. MYND/AÐSEND

N1 Ártúnshöfða er tilvalinn staður til að stoppa á þegar fólk er á leið út á landsbyggðina eða að koma í bæinn. MYND/AÐSEND

Ísey Skyr Bar er með skálar, boozt og safa í boði og veitingastaðirnir Local og Subway eru líka á stöðinni. Þar er líka góð aðstaða til að njóta veitinga.



Lúgan á N1 Ártúnshöfða er opin allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og þar geta viðskiptavinir bæði keypt vörur og nálgast sendingar frá Dropp.

Á þessu ári hafa áherslur N1 beinst að því að byggja upp þjónustumiðaða dagvöruverslun svo það er mikið úrval af alls kyns vörum í boði.

N1 Ártúnshöfða hefur aukið framboð á hollari fæðu og skyndibita.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Rómantískur brúðarskrúði í sumar

Íburðarmiklir brúðarkjólar eru draumur margra brúða og þessi frá Juliu Kontogruni sómi svo sannarlega drottningu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sumarið er tími brúðkaupa, þegar náttúran skartar sínu fegursta og rómantíkin liggur í loftinu. Á brúðkaupstískuvikunni í Barcelona mátti sjá að allt er leyfilegt þegar kemur að brúðarkjólum sumarsins, þar sem frumleiki og íhaldssemi héldust hönd í hönd.

Kjóll með hárri klauf frá Katy Corso.

Hippaleg brúður frá Lorena Panea.

Blómum prýddur frá Cymbeline.

Nicolas Montenegro sýndi míníkjól.

Gamaldags og síðerma blúndubrúðarkjóll frá Poesie Sposa.

Stællegur kjóll frá Simone Marulli.

FRÉTTABLAÐIÐ

Draumaferðir

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 19. maí 2022

Kynningar: Vita, Visitor, Isavia, Fjallakofinn.

Þráinn Vigfússon er framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar VITA sem er í fullri eigu Icelandair. Hann segir öryggi, gæði, skemmtun og hagkvæmni fylgja hverri ferð með VITA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alicante-borg, best geymda leyndarmálið

Það er gaman að skoða heiminn með VITA, hvort sem leiðin liggur til æðislegu Alicante-borgar, best geymda leyndarmáls Hvítu strandarinnar, í ævintýralega tímavél til eyjarinnar Krítar, eða paradísarinnar Tenerife með e-i, eins og Spánverjar bera það fram. Þá eru ótaldar ferðir á framandi slóðir, sem og jóla-, golf- og skíðaferðir. 2

„Minn eftirlætisáfangastaður, þegar ég á frí yfir vetrartímann, er Maspalomas-svæðið á Gran Canaria, með sína flottu golfvelli, frábæru hótel, dásamlega mat og skemmtilegu svæði. Mér finnst líka mjög gott að skjótast í vikuferð til Tenerife á veturna, í sól og notalegheit, langt í burt frá íslensku skammdegi og stórhríðum, eins og var í vetur. Á sumrin er ég svo hugfanginn af grísku eyjunni Krít, því Grikkir eru svo gestrisnir og vinalegir og grísk matargerð ævintýri út af fyrir sig," svarar Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar VITA, spurður um sína uppáhaldsstaði hjá VITA.

„Mér finnst líka æðislegt að taka langa helgi í Alicante-borg. Það eru ekki margir sem átta sig á hversu frábær sú borg er, með úrvali flottra veitingastaða, mörgum með Michelin-stjörnur, og heillandi tapas-mannlífi. Í Alicante-borg er mikið af Spánverjum svo maður fær spænska upplifun í æð. Við fljúgum þangað á fimmtudögum og mánudögum og aldeilis frábært að taka langa helgi í Alicante, til að fara á frábæra golfvelli og upplifa stemninguna á kvöldin. Margir halda að Alicante sé bara flugvöllur en þetta er stórkostleg borg og langskemmtilegasti staðurinn á Costa Blanca-ströndinni til að njóta helgarfrís, án þess að fara í hefðbundna sólarlandaferð. Ég mæli því eindregið með Alicante og það tekur aðeins korter að taka leigubíl inn í borgina af flugvellinum, sem kostar lítið. Þar er því hægt að nýta tímann vel," segir Þráinn.

Þráinn segir hafa færst í aukana að Íslendingar sýni fyrirhyggju þegar kemur að ferðalögum sem þeir panti orðið langt fram í tímann.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Krít er sólgyllt paradísareyja þar sem heimskunn gestrisni Grikkja er við völd og víst er að Grikkir kunna að hræra í pottunum og útbúa gómsætar krásir.

Benidorm er þekkt fyrir fallegar strendur og líflegt næturlíf. Stutt er til Alicante-borgar þar sem spænsk menning er í hámæli og sælkeramatur.

Skíðasvæðið í Selva á Ítalíu hefur í áranna rás verið fádæma vinsælt hjá íslensku skíðafólki. Flogið er til Veróna og hefst sala skíðaferða í næstu viku.

Hér má sjá yfir Maspalomas-golfvöllinn á Gran Canaria, en VITA fer með íslenska kylfinga á stórkostlega golfvelli á Spáni, Tenerife og í Portúgal.

Ástarsamband við Tenerife

Vinsælasti áfangastaður sumarsins hjá VITA, og reyndar á öllum árstíðum, er Tenerife, borið fram eins og það er skrifað, með e-i í endann.

„Ísland og Tenerife eiga í ástarsambandi. Þar vilja allir vera, jafnt sumar, vetur, vor og haust. Margir fara til Tenerife tvisvar, þrisvar á ári, þekkja sig orðið vel og vilja hvergi annars staðar vera. Þangað er beint flug í suður, rúmir fimm tímar í loftinu og sami tími á veturna, en klukkustundar munur á sumrin. Á Tenerife er allt til alls, hægt að fara ferða sinna fótgangandi og mikið af mjög góðum en ódýrum veitingastöðum. Þá er sólin trygg yfir Tenerife, með yfir 300 sólardaga á ári. Þar fíla krakkar sig mjög vel, loftslagið er ekki eins heitt og á meginlandinu í júlí og ágúst, og lítið um moskítóflugur," útskýrir Þráinn.

Aðrir vinsælir áfangastaðir VITA í sumar eru Alicante, Krít og Benidorm.

„Krít hefur sérstöðu og þar stendur tíminn svolítið í stað. Hún er ólík Spáni og yndisleg upplifun. Því sækir fólk aftur og aftur í Krítarstemninguna og menninguna. Við fljúgum líka mikið til Alicante þar sem margir Íslendingar hafa aðgang að húsum og íbúðum í Torrevieja og við Costa Blanca-ströndina. Þá er alltaf líf og fjör á Benidorm," segir Þráinn.

Ódýrast ekki alltaf best

Þetta fyrsta stóra ferðasumar eftir heimsfaraldurinn var ákveðið að bæta ekki við nýjum áfangastöðum í pakkaferðum VITA.

„Við fundum strax að Tenerife er númer eitt, tvö og þrjú, en líka að fólk er varfærið og vill fara í öruggt ferðalag, þar sem það þekkir vel til, eftir það sem á undan er gengið. Íslenskir ferðalangar eru að taka sín fyrstu skref út í heiminn á ný og mín tilfinning að þeir verði nýjungagjarnari á næsta ári og séu þá meira til í að upplifa ævintýri á nýjum stað," greinir Þráinn frá.

Talandi um örugg ferðalög segir Þráinn pakkaferðir VITA bæði öruggari og hagstæðari en gerist og gengur.

„Við erum með afar hagstæða samninga og frábæra fararstjóra á hverjum stað. Þá er fólk mun betur tryggt í pakkaferðum, ef eitthvað kemur upp á í ferðinni eða ferðaskrifstofan getur ekki sinnt því sem fólk keypti. Þá er það tryggt hjá Ferðamálastofu samkvæmt lögum. Margir lentu í hremmingum í kringum Covid, höfðu kannski keypt flug hjá Icelandair en gistingu í gegnum erlendrar síður, en fengu svo bara flugið endurgreitt en ekki hótelið þegar röskun varð á flugi eða samkomubönn bundu enda á ferðina. Því er bæði öruggara og betra að kaupa flug og hótel á sama stað. Þá gilda ferðatryggingar sem ganga mjög langt í að tryggja rétt neytenda," upplýsir Þráinn.

„Við erum líka með þannig samninga við hótel að við höfum sérvalið herbergi og okkar fararstjóri á staðnum þekkir öll hótel út og inn, stjórnendur þeirra og starfsfólk. Hann talar tungumál innfæddra og þekkir landið og allar aðstæður vel. Því er engin hætta á að lenda í herbergi á fyrstu hæð við illa lyktandi ruslagám, eins og maður getur lent í þegar hótel er keypt af erlendri síðu. Það er nefnilega töluverður munur á herbergjum þegar kemur að gæðum og verði, og ekki alltaf best að kaupa ódýrast. Ferðalög eru ekki ókeypis og þótt einhverjar krónur sparist er það fljótt að tikka inn aftur ef um fjölskyldufríið er að ræða. Því þarf að passa að gæði og öryggi séu í fyrirrúmi."

Margt að seljast upp

Ferðaskrifstofan VITA var stofnuð í miðju hruni 2008 og er alfarið í eigu Icelandair. Í lok mars flutti hún í Icelandair-húsið við Reykjavíkurflugvöll.

„Flutningurinn var til að samþætta betur starfsemina. Samstarfið er góð blanda sem býður upp á mikla möguleika og hefur gefist mjög vel; Icelandair selur eingöngu flug og sérhæfir sig í því, á meðan við erum sérfræðingar í gistingu og pakkaferðum. Í samstarfinu hófum við beint áætlunarflug til Tenerife 1. maí 2021 og til Alicante nú í febrúar," skýrir Þráinn frá.

Hægt er að nota vildarpunkta upp í flug og pakkaferðir, sem Þráinn segir vinsælt. Hægt er að nota 100.000 punkta upp í flug og ferðir sem jafngilda 60.000 krónum á mann.

„Nú þegar er að verða uppselt í margar ferðir sumarsins og við eigum lítið eftir af sætum til Tenerife í júní og júlí. Þá er uppselt í fyrstu og þriðju ferðina til Krítar. Því er rétti tíminn nú til að tryggja sér flug og víða orðið erfitt með gistingu því það eru ekki bara Íslendingar einir sem eru að koma úr heimsfaraldrinum heldur öll Evrópa sem flykkist nú í sólarfrí til Grikklands, Tyrklands, Spánar, Ítalíu og Tenerife eftir tveggja ára einangrun," upplýsir Þráinn.

Hann bætir við að Íslendingar séu orðnir um margt líkir Þjóðverjum þegar kemur að fyrirhyggju og skipulagningu ferðalaga langt fram í tímann.

„Fólk er tímanlega í að panta sér vetrarfrí og jólaferðir. Skíðaferðirnar fara í sölu strax í næstu viku, til Madonna og Selva á Ítalíu, með beinu flugi til Verona. Þegar við byrjuðum að selja ferðir til Kanaríeyja fyrir vetur komanda var löng röð út á götu til að tryggja sér réttu hótelin og dagsetningarnar, allt fram í mars á næsta ári. Fyrsta ferðin til Kanarí verður farin 23. október en þegar er uppselt, sem og í jólaferðina þangað. Vetrarferðir til Kanaríeyja seljast sumsé mjög vel og er þegar uppselt í jóla- og áramótaferðina," greinir Þráinn frá.

Golfferðir Vita njóta líka gríðarlegra vinsælda og um marga áfangastaði að ræða með stórkostlegum golfvöllum.

„Við förum í fjölmargar golfferðir til Suður-Spánar og Portúgal í ár, líka til Alicante og nýs áfangastaðar, Isla Canela á landamærum Spánar og Portúgal, í haust. Sífellt fleiri vilja sveifla kylfunni suður við Miðjarðarhaf í þeim paradísum sem golfvellirnir þar eru," segir Þráinn.

Með aukinni samþættingu með Icelandair er VITA nú að stilla upp spennandi borgarferðum í haust, sem og sérferðum til Madeira og Aþenu í september, og hafa þær farið mjög vel af stað í sölu.

„Vita fer líka á framandi slóðir og í febrúar til Dubai og Abu Dhabi, sem gekk mjög vel. Nú erum við að skipuleggja fleiri ferðir þangað, og ferðir á skemmtiferðaskipum seljast mjög vel. Það er því úr mörgu að velja og hægt að hafa það verulega skemmtilegt og skoða heiminn með VITA." ■

VITA er á Nauthólsvegi 52, í húsi aðalskrifstofu Icelandair. Sími 570 4444. Netfang ferd@vita.is. Skoðið úrval ferða Vita á vita.is

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Fljúgðu í góða veðrið!

Alicante

Flug og gisting í 7 nætur á Melia Benidorm frá **124.900 kr.** – miðað við tvo fullorðna og eitt barn.

Tenerife

Flug og gisting í 10 nætur á Family Garden frá **119.900 kr.** – miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Krít

Flug og gisting í 10 nætur frá **119.690 kr.** – miðað við fjóra í íbúð.

Flug eingöngu verð frá **89.900 kr.**

Lækkaðu verð ferðarinnar og greiddu með punktum & peningum

Við bjóðum upp á sólarlandaferðir af öllu tagi í sumar!
Fljúgðu á vit ævintýranna og slakaðu á við fallegar strendur þar sem sól skín á himni og lífið er ljúft.

vita

Ævintýrið sem varð ekki að skáldsögu

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Heiða Vigdís Sigfúsdóttir er spennandi ný rödd í heimi ritlistar. Hún gaf nýverið út fyrstu skáldsögu sína, Getnað, sem bar sigur úr býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjar raddir. Heiða er lifandi og fjörug sagnakona og segir hér frá ógleymanlegu ferðalagi.

Heiða segir ferðina til Mexíkó hafa verið ógleymanlega og gefið af sér margar ævintýralegar sögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Vorið 2018 fór ég í ógleymanlega ferð til Kúbu með tveimur skvísum, þeim Helgu Hvanndal Björnsdóttur og Malínu Gylfadóttur. Eitt kvöldið enduðum við uppi á fjalli, eftir að kúbanskir kúrekar höfðu lokkað okkur þangað á hestunum sínum.“ Svona hefst ævintýraleg frásögn Heiðu.

Ævintýrið hefst í Mexíkóborg

Haustið 2017 settist Heiða að í Mexíkóborg, með vinkonu sinni Helgu. „Markmið mitt var að skrifa bók og Helga ætlaði að læra spænsku og njóta lífsins. Helga gerði það, hún lærði spænsku, baðaði sig í sól og varð helsti áskrifandi Uber í borginni,“ segir Heiða.

„Þegar jólin nálguðust mundum við að við þyrftum landvistarleyfi. Ekki vildum við vera reknar úr landi (eins og Íslendingar eru duglegir við að gera við aðra). Til þess að endurnýja ferðamannavísað keyptum við okkur farmiða til Havana á Kúbu. Við buðum Malínu með, vinkonu Helgu úr heimspekináminu sem var að slæpast um Mið-Ameríku. Stuttu síðar hittumst við, glókollarnir þrír, á Jóse Matí-flugvellinum í Havana.“

Ógleymanlegur túr

Ferðin til Kúbu var að sögn Heiðu ekki mikið plönuð. „Við höfðum blessunarlega pantað gistingu í sveitaþorpinu Viñales. Annars hefðum við orðið heimilislausar. Það var erfitt að komast í net og heimamenn áttu það til að ljúga að okkur.

Eftir fyrsta djammið í Havana enduðum við hjá yndislegri kúbanskri konu sem bauðst til að panta fyrir okkur túr með leiðsögumanni um sveitina morguninn eftir. Við svöruðum játandi.

Daginn eftir vöknuðum við við hnegg fyrir utan svefnherbergisgluggann. Helga fékk næstum því hjartastopp. Kúbanska konan hafði ekki minnst á að túrinn færi fram á hestbaki en það var of seint að hætta við. Kúbanski kúrekinn var mættur á svæðið með þrjá hesta í eftirdragi, einn fyrir hvern glókoll. Við drifum okkur á bak og eltum kúrekann um fjöll og firnindi, meðfram tóbaksekrum og ávaxtarækt. Riðum með rakaðar lappirnar fram hjá ávaxtatrjám af öllum stærðum og gerðum, bruggverksmiðjum, tóbaksekrum og vinnandi sveitafólki. Eftir að hafa baðað okkur í laug innan í helli spurði kúrekinn (sem varla hafði sagt stakt orð allan daginn) hvort ekki mætti bjóða okkur að sjá sólsetrið af fjallstindi. Ég svaraði auðvitað játandi. Hann tók af okkur loforð um að segja engum frá fyrirheitunum. „Auðvitað,“ svöruðum við, þó við værum ekki alveg blautar á bak við eyrun, allavega allar orðnar 25 ára og komnar með háskólagráðu í þokkabót.

Vinkonunar þrjár ásamt kúrekunum þremur uppi á fjallstindi með rommið góða. MYND/AÐSEND

Þegar kvölda tók læddumst við að útjaðri bæjarins þar sem þrír kúrekar og sex hestar biðu okkar. Eins og uppaldar í Skagafirði skelltum við okkur á bak og leyfðum kúrekunum að teyma okkur upp fjallgarðinn. Þeir leiddu okkur í sýningarferð um sveitina, en þeir voru ekki að sýna okkur útsýnið, heldur voru þeir að sýna okkur. Við vorum kynntar fyrir foreldrum og systkinum, nágrönnum og kunningjum, vinum og óvinum. Ég hafði orð á því við Helgu og Malínu að kannski væri þetta ögn undarlegt. Þær voru sammála.

En allt í lagi, gleymdi ég ekki að minnast á rommið? Á Kúbu er bruggað romm og það var romm alls staðar. Við komum með eina flösku í sólsetursferðina og þeir komu með nokkrar. Við sum sé riðum upp til fjalla og drukkum besta romm sem ég hef nokkurn tímann smakkað á meðan sólin málaði himininn fíkjubleikan. Tunglið tók við og skein bjartara en íslensk haustsól, stjörnurnar tindruðu eins og sólargeislar.

Það var í alvöru svo bjart að við sáum enn móta fyrir fjöllunum, þorpinu fyrir neðan og svo rötuðum við meira að segja inn á bar lengst uppi í fjöllum. Hann var byggður úr pallettum og með strápaki og einum barþjóni, ofgnótt af rommi og salsatónlist. Við glókollarnir smökkuðum smárétti beint frá býli sem ég man ekki hvernig brögðuðust, því það voru ekki smáréttirnir sem voru eftirminnilegir, heldur útsýnið, litir sveitarinnar og þorpsins fyrir neðan. Ræktunarlandið sem fólkið í sveitinni fékk nær engan ávöxt af og tóbaksekrurnar sem löðuðu að grunlausa bleiknefja.

Kúrekarnir hækkuðu í tónlistinni og við dönsuðum ögn salsa, drukkum ögn rótsterkt romm og reyktum kannski smá vindla með hunangi á endanum. En þegar dimma tók, þegar tunglskinið hafði dempað birtuna á barnum allverulega sagði ein okkar allt í einu: „Jæja, við viljum gjarnan fara niður af fjallinu.“ Einn kúrekanna leit spurnaraugum á okkur, svaraði: „Æi.“ Annar þeirra lagði til að við stelpurnar gengjum einar niður í þorpið og sá þriðji stakk upp á að við færum öll að baða okkur í vatni skammt frá. Ég veit þetta hljómar svæsið, en okkur leið alveg eins og við hefðum stjórn á aðstæðum. Fyrir utan að vera fastar með ókunnugum kúrekum uppi á fjalli þar sem internet og símasamband var ekkert. Auðvitað þurftum við ekki að hafa áhyggjur því öll sveitin vissi af verustað okkar.“

> **Daginn eftir vöknuðum við við hnegg fyrir utan svefnherbergisgluggann. Helga fékk næstum því hjartastopp.**
>
> Heiða Vigdís

Góð saga í skáldsögu

„Við létum þá heyra það, sögðum þeim að skammast sín og stigum aftur á bak hestunum. Ein okkar sagði að hestarnir væru núna okkar svo kúrekarnir hoppuðu á bak og eltu okkur niður fjallið með skottið á milli lappanna. Þegar í bæinn var komið gerðum við okkur grein fyrir því að það væri stranglega bannað að vera á hestbaki inni í bænum að næturlagi svo við sögðumst vilja skila hestunum. Þegar kom einhver gaur auga á okkur og hótaði kúrekunum illindum. Áður en lengra gekk í þeim bardaga stukkum við af baki og hlupum uns við komum auga á bar sem var umkringdur túristum. Við önduðum léttar og stukkum inn á dansgólfið þar sem All the Single Ladies með Beyoncé beið okkar. Á þessum tímapunkti hugsaði ég með mér að þessi saga yrði frábær í skáldsögu.

Við glöddumst yfir því að hafa stungið kúrekana af og stuttu seinna valhoppuðum við heim á leið, glókollarnir þrír, hönd í hönd niður aðalgötuna í Viñales.“

Skrifaði Getnað í staðinn

„Þessi ferð var svo súrrealísk. Ég ætlaði alltaf að nota hana, nota öll þessi ævintýri og nota þessa kúreka til að skapa skondna en sjóðandi heita skáldsögu. En veruleikinn vafðist alltaf fyrir mér. Sama hvað ég skrifaði; efnið átti ekki roð í raunveruleikann. Þess vegna samdi ég öðruvísi skáldsögu, um getnað í Reykjavík og ástarsambönd og systkinasambönd og alls konar djamm og havarí. Ég samdi það í faraldrinum þegar raunveruleikinn var lagstur í dvala og skáldskapurinn var öllu skemmtilegri. Núna er hún nýkomin út, bókin Getnaður, og er fáanleg í öllum helstu bókabúðum. Núna er líka ekki lengur kóvid, svo ég er ofboðslega hrædd um að hinn reykvíski raunveruleiki hafi betur gegn Getnaði. En ég vona að það þurfi ekki alltaf að vera keppni. Að í staðinn sé bara hægt að dvelja í ævintýrunum um stund og skemmta sér yfir fáránleikanum.

En allavega, þegar við komumst aftur á leiðarenda, heim til yndislegu kúbönsku konunnar, skáluðum fyrir Che í hinsta sinn áður en fluginu okkar var frestað fjórum sinnum og rafmagnið fór af einu sinni á José Matí-flugvellinum í Havana, vorið 2018. Þegar við lentum í Mexíkóborg fengum við framlengt ferðamannavísa til að vera allavega sex mánuði í viðbót. Og eftir þetta allt saman, að nokkrum árum liðnum, er ljóst að kúrekaförin var bara smáræði í samanburði við ævintýrin sem biðu í Mexíkó,“ segir Heiða að lokum. ■



ÚRVAL ÚTSÝN

ALBUFEIRA | COSTA DEL SOL | TENERIFE | ALMERÍA | KRÍT | BENIDORM | ALICANTE | MALLORCA

KOMDU MEÐ TIL PORTÚGAL

TILBOÐ
TAKMARKAÐ FRAMBOÐ Á SÆTUM

29. MAÍ - 07. JÚNÍ
CLUBE ALBUFEIRA 3*
SUPERIOR ÍBÚÐ
VERÐ FRÁ **87.500 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 114.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

VINSÆLT

29. MAÍ - 07. JÚNÍ
GRAND MUTHU FORTE 4*
ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI
VERÐ FRÁ **89.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

VINSÆLT

ALLT INNIFALIÐ

07. - 14. JÚNÍ
APARTHOTEL VICTORIA 4*
ÍBÚÐ MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU
VERÐ FRÁ **116.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 179.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

07. - 14. JÚNÍ
VILA GALE CERRO 4*
TVÍBÝLI MEÐ MORGUNVERÐI
VERÐ FRÁ **139.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

VINSÆLT

ALLT INNIFALIÐ

14. - 21. JÚNÍ
APARTHOTEL VICTORIA 4*
ÍBÚÐ MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU
VERÐ FRÁ **129.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 192.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

ALLT INNIFALIÐ

14. - 21. JÚNÍ
ALBUFEIRA SOL HOTEL 4*
STÚDÍÓ MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU
VERÐ FRÁ **159.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 188.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

21. - 28. JÚNÍ
CLUBE ALBUFEIRA 3*
SUPERIOR ÍBÚÐ
VERÐ FRÁ **98.500 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 150.500 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

21. - 28. JÚNÍ
GRAND MUTHU FORTE 4*
ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI
VERÐ FRÁ **99.900 KR**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, UPPGEFIN GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

SKOÐAÐU FJÖLDA TILBOÐA Á VEFSÍÐU OKKAR UU.IS

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

Spennandi árshátíðarævintýri í útlöndum

Visitor hefur í tæplega tvo áratugi skipulagt árshátíðarferðir erlendis fyrir fyrirtæki, starfsmannafélög og hópa með góðum árangri. Vinsælir áfangastaðir eru Alicante, Lissabon, Berlín, Brighton, Dublin og Kaupmannahöfn.

Ferðaskrifstofan Visitor hefur um 20 ára reynslu af skipulagningu árshátíðarferða erlendis fyrir fyrirtæki og hópa. Guðrún St. Svavarsdóttir, verkefnastjóri hópadeildar Visitor, segir alla hópa á þeirra vegum vera í skýjunum með ferðirnar sem starfsmenn ferðaskrifstofunnar skipuleggja. „Þegar kemur að skipulagningu árshátíðarferðar sjáum við um allan pakkann. Við bókum flug, hótel, rútur til og frá flugvelli, árshátíðarkvöldverð og skemmtiatriði, veislustjóra og plötusnúð til að halda uppi fjörinu, sé þess óskað. Einnig sjáum við um að bóka skemmtilegar skoðunarferðir. Starfsmaður Visitor fer með í allar ferðir þar sem hópurinn er stærri en 50 manns, til að passa að allt sé upp á tíu. Um leið sérsníðum við árshátíðarferðina að þörfum hvers og eins hóps.“

> **Þegar kemur að skipulagningu árshátíðarferðar sjáum við um allan pakkann.**
>
> Guðrún St. Svavarsdóttir

Guðrún St. Svavarsdóttir er verkefnastjóri hópadeildar Visitor. Sigurður Hlöðversson er framkvæmdastjóri og hópasérfræðingur. MYND/AÐSEND

Allar borgir í boði

Guðrún segir Visitor í raun bjóða upp á árshátíðarferðir til allra borga sem flogið er til frá Íslandi. „Vinsælustu áfangastaðirnir fyrir árshátíðir hafa verið Alicante, Lissabon, Berlín, Dublin og Kaupmannahöfn. Stundum þurfa fyrirtæki og hópar að skipta hópnum til helminga á tvær dagsetningar og þá er gott að það sé daglegt flug til þeirrar borgar sem hefur orðið fyrir valinu.“

Þegar hópurinn kemur á áfangastað bíður rúta hans auk þess sem fararstjóri á vegum Visitor tekur á móti stærri hópum og aðstoðar við innritun á hótelið. „Ef hópurinn hefur bókað skoðunarferðir eru dagarnir nýttir í að skoða borgina með leiðsögumanni. Yfirleitt er eitt sameiginlegt árshátíðarkvöld þar sem allur hópurinn kemur saman og á góða kvöldstund. Þá er oftast boðið upp á þriggja rétta matseðil með víni, bar og ball fram eftir kvöldi með plötusnúði og jafnvel skemmtiatriðum.“

Ekki bíða með að fá tilboð

Í vor hefur Visitor sent stóra hópa til Alicante, Lissabon, Berlínar og Dublin og segir Guðrún alla koma með stórt bros til baka eftir vel heppnaða ferð. „Nú er tíminn til að skipuleggja árshátíðarferðina fyrir haustið eða næsta vor. Það er alltaf vinsælt að nota frídagana á vorin til að fara með fyrirtækið í ferð svo ekki þurfi að loka í marga daga. Dagsetningar kringum sumardaginn fyrsta og uppstigningardag seljast til dæmis fljótt upp. Í júlí koma svo í sölu fótboltaferðirnar okkar vinsælu en það er tilvalið að tvinna saman árshátíðarferð og leik á enska boltann. Einnig erum við með úrval tónleikaferða en það er líka mjög sniðugt að bjóða starfsfólki fyrirtækja í tónleikaferð.“ ■

Nánar á visitor.is.

Árshátíð fyrir 250 manns á Alicante á Spáni. MYND/AÐSEND

Berlín er spennandi borg og hentar vel fyrir árshátíðarferðir. MYND/AÐSEND

Þegar Dublin er heimsótt er tilvalið að skella sér á River dance sýningu. MYND/AÐSEND

Fótboltaleikur og árshátíðarferð er fínasta blanda. Hér er Guðrún stödd á Anfield, heimavelli Liverpool.

Verona

Beint flug vikulega yfir sumarmánuðina.

Láttu Ítalska draumminn rætast!

Njóttu alls þess besta með fjölskyldunni sem Ítalía hefur upp á að bjóða. Frá Verona er stutt að fara á hið fagra Gardavatn, til Feneyja sem heilla alla, að skoða listaverkin í Flórens, til matarborgarinnar Bologna eða á fallegu strendur Rimini. Allt þetta á innan við 3 tíma keyrslu frá Verona.

Flugsæti

Flug aðra leið frá

19.950

Fjöldi heillandi staða á innan við 3 tíma keyrslu frá Verona.

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu

Suðræn sól og fallegar strendur í Karíbahafinu heilla marga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Upplifun sem aldrei gleymist

Það er misjafnt hvers konar ferðir fólk velur sem draumaferð. Sumir vilja leggja af stað í ævintýri, á meðan aðrar þrá hita og sólskin. Þá eru margir sem kjósa að ferðast á eigin vegum en aðrir velja hópferðir með fararstjóra. Hver sem óskin er ætti að vera hægt að láta hana rætast.

elin@frettabladid.is

Það er allt í góðu að láta sig dreyma um fjarlægan stað sem hægt væri að heimsækja þegar fólk hefur ráð á því. Sífellt fleiri láta drauma sína rætast sem fyrst og lifa lífinu í núinu. Dásamlegar ferðalýsingar geta kveikt áhugann á ferðalagi til fjarlægra landa, þar sem menning og lifnaðarhættir eru gjörólíkir því sem við búum við. Slíkar ferðir eru lærdómsríkar og skilja eftir margbrotnar minningar. Það getur líka hentað mjög vel að fara í sólkunarferð til Tenerife og hlaða batteríin. Vissulega er það misjafnt hverju fólk sækist eftir.

Gaman er að skoða erlendar ferðasíður sem fjalla um draumaferðina. Þar er Ísland yfirleitt á lista yfir spennandi viðkomustaði. Íslendingar sækja hins vegar frekar í sól og hita í kroppinn. Allar draumaferðir eiga það sameiginlegt að þær innihalda einstaka ferðaupplifun.

Draumaferð til Karíbahafsins

Hin fullkomna draumaferð er á framandi áfangastað. Sú ferð ætti að vera streitulosandi og góð slökun frá amstri hins venjulega dags. Fyrir þá sem velja slíka ferð má vel horfa til Karíbahafsins. Þar er sannarlega afslappað andrúmsloft, yndislegar strendur og gleðileg tónlist. Þar er hægt að kynnast glaðværu fólki og upplifa menningu á dásamlegum stöðum.

Heimsókn til Kúbu er eftirminnileg. Að sjá fólk dansa salsa utandyra og aka um í bílum frá sjötta áratugnum. Það er líka skemmtilegt að fræðast um sögu geimsins á Barbados eða skoða vötn og hella í Dóminíska lýðveldinu. Eða kannski skoða litríku húsin á Arúba eða dansa við reggítónlist á Jamaíka. Það er hægt að heimsækja hverja eyju fyrir sig eða fara á skemmtiferðaskipi og kíkja í heimsókn til þeirra nokkurra.

Draumaferð til Maldíveyja

Maldíveyjar eru láglendar og staðsettar undan vesturströnd Srí Lanka í Indlandshafi. Þær eru einstaklega fallegar og rómantískur áfangastaður. Það er kannski ekkert sniðugt að bíða með ferð þangað því hnattræn hlýnun mun líklega hafa áhrif á eyjarnar þegar sjórinn hlýnar og jöklar bráðna. Maldíveyjar eru í sérstakri hættu á að sökkva í sæ, haldi hlýnun jarðar áfram. Allt í kringum eyjarnar

> **Dásamlegar ferðalýsingar geta kveikt áhugann á ferðalagi til fjarlægra landa, þar sem menning og lifnaðarhættir eru gjörólíkir því sem við búum við.**

er einstakur, litríkur og lifandi heimur undir yfirborði sjávar. Að kafa á þessum slóðum er algjörlega ævintýralegt. Sjórinn er kristaltær og hafið grænblátt. Þarna er hægt að fá gistingu í litlum kofa sem stendur á stöplum úti í sjónum. Á þessum slóðum er hægt að láta sig dreyma, slaka á og njóta lífsins.

Draumaferð til Hawaii

Marga dreymir um ferð til Hawaii. Þessi suðræna eyja býður upp á fjölbreytta náttúru með eldfjöll, fallegar strendur og einstaka snorklunarmöguleika.

Draumaferð til Bora-Bora

Sannarlega draumastaður þar sem hægt er að gista á hóteli með glergólfi og horfa niður í hafið þar sem lífríkið er litríkt. Margar kvikmyndastjörnur fara til Bora-Bora til að slaka á og njóta fegurðar í umhverfinu. Þarna er líka boðið upp á afburða góðan mat, sérstaklega fiskrétti.

Að kafa innan um litríkt dýralífið við Maldiveyjar er ótrúleg upplifun.

Kirsuberjatrén í blóma í Japan á vorin draga að sér fjölda ferðamanna.

Draumaferð til Mexíkó

Mexíkó er sannarlega staður sem gaman er að koma til. Þar er allt að finna, skemmtilegir bæir og borgir eða glæsilegar strandlengjur með lúxushótelum. Mexíkó hefur upp á margt einstakt að bjóða, má nefna Maya-fornborgina Chichén Itzá sem er náttúruperla. Fara á markaði hjá heimamönnum, smakka eftirlætis taco-réttinn, jafnvel fara á matreiðslunámskeið eða bara baka sig í suðlægri sól.

Draumaferð til Kanada

Bandaríkin eru alltaf heillandi. En hvernig væri að skella sér til Kanada? Þar er hægt að nálgast mikla náttúruupplifun. Frábærar borgir, stórkostlegir þjóðgarðar og Klettafjöllin. Land ævintýraferða til að skoða skóga og sléttur. Níagara-fossarnir draga alltaf að enda ógleymanlegir að sjá. Toronto er heillandi borg þar sem gaman er að ganga um götur og skoða fjölbreytt mannlífið eða fara á Íslendingaslóðir í Vancouver á vesturströnd Kanada.

Draumaferðir úr bókum, sjónvarpi og kvikmyndum

Marga dreymir um að koma á stað sem þeir hafa lesið um í bókum eða séð í sjónvarpi eða bíó. Áhugamálin geta leitt þig á vit ævintýra. Bretland hefur upp á margt slíkt að bjóða, má þar nefna Harry Potter, Doc Martin eða Barnaby. Einnig má nefna bíómyndina The Holiday. Ensku sveitaþorpin eru heillandi og afar skemmtilegt að koma til þeirra.

Draumaferð til Japans

Það er ótrúlega skemmtilegt að koma til Japans. Kurteisari þjóð fyrirfinnst varla. Vorið í Japan laðar að marga ferðamenn, sérstaklega til að sjá kirsuberjatrén í fullum blóma en á fáum stöðum eru þau fallegri en þar. Japan er margbreytileg, stórkostleg Tókýó með Michelin-stjörnu sushi-stöðum og neonlýsandi skýjakljúfum. Þá er skemmtilegt að heimsækja musteri eða fara á geishu-sýningu.

Marga aðra staði má vitanlega nefna, mörg lönd í Asíu er frábært að koma til, Taílands, Víetnam, Kambódíu eða Kasakstan í Mið-Asíu, Dúbaí í Mið-Austurlöndum og svo mætti lengi telja.

Hver og einn á ósk um sína draumaferð og allir ættu að láta hana rætast. Að komast á draumaáfangastað er upplifun sem aldrei gleymist. ■

Sundföt - Sumarkjólar

og allt hitt fyrir sumarfríið

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 42-58
Sjáðu úrvalið í netverslun www.Curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Curvy

Ermalaus
Marrakehs kjóll
5.990 kr

Hlýrabolur
3.490 kr

Stuttbuxur
5.990 kr

Strandakjóll
7.990 kr

Stuttermabolur
3.990 kr

Kvartbuxur
6.990 kr

Blómakjóll
m/vösum
7.990 kr

Verslunin Curvy | Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Það er alltaf mikil tilhlökkun í loftinu áður en farið er út fyrir landsteinana.

Það er betra að koma snemma í flugstöðina áður en traffíkin byrjar og njóta þeirrar þjónustu sem þar er boðið upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Glæsilegt smurbrauð er til sölu í flugstöðinni fyrir svanga farþega á veitingastaðnum Nord. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðagleðin snýr aftur

Síðan í febrúar, þegar öllum takmörkunum vegna Covid-19 var aflétt, hefur Keflavíkurflugvöllur fyllst af lífi. 75 áfangastaðir verða í boði í beinu flugi í sumar og 24 flugfélög nýta völlinn. Farþegafjöldinn er þegar kominn fram úr spám og þjónustuframboðið fylgir fast á eftir.

„Mikið hefur verið að gera í verslunum og veitingastöðum í flugstöðinni og um páskana seldust bílastæðin upp. Það er því um að gera að kynna sér vel hvað boðið er upp á á Keflavíkurflugvelli, mæta tímanlega og nýta það sem best sem upphafspunkt ævintýranna," segir Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, deildarstjóri verslunar og veitinga.

„Veitingastaðurinn Nord er að byrja með nýjan matseðil sem er unninn af Sigurði Helgasyni, einum besta matreiðslumanni landsins. Það má meðal annars finna ný lúxus–smörrebröd sem gerð eru eftir pöntun. Sigurður er líka á bak við uppfærslu á matseðli Mathúss. Þar er nú nýr morgunverðarmatseðill sem leikur við bragðlaukana, til dæmis ristað brauð með avókadó og laxi eða eggi," segir Gunnhildur.

Joe & the Juice er með fullt vöruframboð hjá sér sem allir þekkja og Loksins bar er á sínum stað með frábæra stemmingu.

Hjá Höllu er að undirbúa opnun á sínum stað í suðurbyggingu flugstöðvarinnar en þar má fá einhverjar bestu pitsur á landinu, æðislega grauta og samlokur sem er tilvalið að taka mér sér í nesti.

Penninn opnar nýja og stærri verslun í júní. Aðrar verslanir eru á sínum stað og allar með frábært vöruúrval.

Gott er að hafa í huga að Elko og Fríhöfnin eru með allt sitt úrval sýnilegt á netinu svo það sé hægt að skipuleggja sig vel fram í tímann og draga úr stressi. Einnig býðst brottfararfarþegum að kaupa vörurnar á netinu og sækja þær í verslanirnar á leiðinni út í heim. Þessu til viðbótar eru 66°Norður, Bláa Lónið, Optical Studio og Rammagerðin með fjölbreytt úrval í sínum verslunum í flugstöðinni þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Auk alls þessa verða „pop-up" aðilar af ýmsu tagi í flugstöðinni í sumar. Vonast er til að Maika'i Reykjavík, Jens og Hrím opni á næstu vikum.

> Það er full ástæða til að mæta snemma á Keflavíkurflugvöll og gefa sér góðan tíma til að fá sér gott að borða og skoða vöruúrvalið.

Það borgar sig að bóka stæði

Það hefur sýnt sig að á stærstu ferðatímabilunum fyllast bílastæðin við Keflavíkurflugvöll hratt. Til að tryggja sér stæði er öruggast að panta það fyrir fram á kefparking.is. Þannig fæst besta verðið, sérstaklega ef pöntunin er gerð með góðum fyrirvara. Ágætt er að venja sig á að bóka einfaldlega stæðið um leið og gengið er frá kaupum á ferðinni. Þá er allt klappað og klárt og hægt að slappa af.

Það borgar sig að mæta snemma

„Það er full ástæða til að mæta snemma á Keflavíkurflugvöll og gefa sér góðan tíma til að fá sér gott að borða og skoða vöruúrvalið," segir Gunnhildur. „Það má gera ráð fyrir að á álagstímum, sérstaklega snemma á morgnana, verði einhverjar raðamyndanir. Þess vegna er afar gott að miða við að vera komin í flugstöðina tveimur til þremur klukkustundum fyrir flug. Það þarf svo lítið út af að bregða til að farþegar lendi í tímaþröng. Við sjáum reyndar að núna eftir Covid er fólk að gefa sér betri tíma og gera vel við sig í flugstöðinni," bætir Gunnhildur við.

Þjónusta alla leið

„Endurheimtin er að gerast hraðar en við áttum von á," segir Gunnhildur. „Allir hlekkir í keðjunni eru að trekkjast í gang ef svo má segja. Það hafa allir þurft að hraða ráðningu sumarstarfsfólks og það hefur verið áskorun en þetta lítur nokkuð vel út núna og við og okkar samstarfsaðilar á flugvellinum erum mjög bjartsýn fyrir sumarið." ■

Maika'i er að opna pop-up afgeiðslu í flustöðinni.

Halla býður upp á ljúffengar pitsur á nýjum stað í suðurbyggingunni.

Loksins bar er uppáhaldsstaður margra ferðalanga á leið til útlanda.

Joe & the Juice er með gott úrval góðra drykkja og samloka.

Á veitingastaðnum Nord er gott að setjast niður fyrir flug.

Börnin þurfa ekki að láta sér leiðast. Nóg er fyrir þau að gera þangað til vélin fer í loftið.

Heimurinn bíður þín

Flugið er komið á fullt og Ísland er tengipunktur heimsins í sumar. **75 spennandi áfangastaðir** bíða þín og **24 flugfélög** bjóða fram þjónustu sína við að koma þér þangað sem þig dreymir um.

Möguleikarnir fyrir ævintýri eru endalausir

kefairport.is

KEFLAVÍKUR
FLUGVÖLLUR

Í skjólsælli vík er akkeri sett niður og svo hefst leiktími í blátæru Adríahafinu.

Undirlagið er mismunandi, allt frá rennisléttu malbiki til grófra stíga.

Suður um höfin með Fjallakofanum - Ævintýraferðum

Fjallakofinn-Ævintýraferðir býður upp á spennandi ferð til Króatíu þar sem ferðalangar geta siglt með skútu um sólríkan flóa með mörgum fallegum eyjum og hjólað svo um eyjarnar á rafhjólum. Hægt er að haga ferðinni eftir eigin höfði svo hún hentar öllum.

„Ferðaskrifstofan Íslandsvinir hefur verið starfrækt síðan í lok síðustu aldar, en þessi nafnbreyting yfir í Fjallakofinn-Ævintýraferðir er vinnuheiti til þess að tengja betur saman tvö fyrirtæki, útivistarvöruverslunina Fjallakofann og ferðaskrifstofuna, sem eru bæði í meirihlutaeigu sama fólksins," segir Brandur Jón Hrannarson Guðjónsson, fararstjóri og stýrimaður ferðaframboðs hjá Fjallakofanum-Ævintýraferðum.

„Undanfarin ár höfum við að mestu einbeitt okkur að því að bjóða upp á útivistarferðir fyrir Íslendinga, og þá aðallega erlendis, en svo hefur líka alltaf verið eitthvað um ferðir hér innanlands," segir Brandur. „Okkar aðalmarkaður er íslenskt útivistarfólk og við förum með það í skíða-, hlaupa-, göngu- og hjólaferðir. Við reynum líka að svara hvers konar beiðnum um ferðir og erum til dæmis bæði að skipuleggja kóra- og fyrirtækjaferðir til Evrópu á þessu ári."

Sigling og hjólatúrar á draumaáfangastað

„Við verðum með spennandi hjóla- og siglingarferð til Króatíu 9. -19. júní næstkomandi. Við förum um Kvarnerflóann, sem er fallegt svæði með mörgum eyjum sem siglt er á milli á skútu sem er frátekin sérstaklega fyrir þennan hóp," segir Brandur. „Svo er hjólað um eyjarnar á góðum rafhjólum.

> **Þetta samspil milli siglingar og hjólatúra gerir þessa ferð að einu samfelldu ævintýri frá upphafi til enda.**
>
> Brandur Jón H. Guðjónsson

Þetta samspil milli siglingar og hjólatúra gerir þessa ferð að einu samfelldu ævintýri frá upphafi til enda og hún hefur verið kölluð „algjör draumaferð" af mörgum af okkar viðskiptavinum, en við höfum síðan 2013 farið árlega með hópa í svona ferðir," segir Brandur. „Reglulega, bæði þegar siglt er á milli eyjanna og eins þegar komið er til hafnar, er boðið upp á að stinga sér í blátært Adríahafið, njóta augnabliksins og láta sig fljóta eða synda til lands og tylla sér í andartak í fjörusand eða á klettótta strönd, fjarri mannabyggðum.

Á siglingaleiðunum á milli eyjanna er síðan tilvalið að tylla sér í sólstól, til dæmis með góða bók og svalan drykk við hönd, og/eða spjalla við samferðafólkið," segir Brandur. „Máltíðir eru síðan annaðhvort um borð í bátnum eða á góðum veitingastöðum í landi og það má því segja að auk þess að vera bæði hjóla- og siglingaferð sé þetta líka sólbaðs-, matarupplifunar- og sjósundsferð."

Hressar íslenskar hjólakonur að njóta lífsins úti við Kvarnerflóann í Króatíu.



Hér sést glaðbeittur hópur þátttakenda í hjólaferð í Króatíu sem fór fram fyrir nokkrum árum.

Vinirnir Brandur Jón H. Guðjónsson (t.v.) og Robert Ciglar (t.h.) leiða hópinn um eyjarnar í Kvarnerflóanum.

MYNDIR/AÐSENDAR

Á meðan siglt er á milli eyjanna er gott að vera í sólbaði og spalla.

Hægt að hafa þetta eftir hentisemi

„Alla dagana eru tveir fararstjórar og alls staðar þar sem aðstæður leyfa bjóða þeir upp á að skipta hópnum í léttara/þyngra, styttra/lengra eða grófara/sléttara," segir Brandur. „Þessi ferð hentar því mjög auðveldlega fólki með mismunandi áherslur og getu. Með því að nota eingöngu rafhjól í ferðinni fá líka allir eitthvað fyrir sitt getu- og áhugasvið.

En þótt þetta sé fyrst og fremst hjólaferð er líka hægt að koma með án þess að hjóla og vera þá um borð í bátnum eða á rölti um þá bæi sem stoppað er í," útskýrir Brandur. „Að sama skapi er líka hægt að hvíla hjólin einn og einn dag, ef svo ber undir!

Við eigum lausar káetur í Albatros, okkar góðu bækistöð og heimili í ferðinni, og í samstarfi við útgerð bátsins erum við að bjóða upp á myndarlegan afslátt til þeirra sem bóka sig til þátttöku næstu daga, þar sem verðið lækkar um heilar 50.000 krónur!" segir Brandur spenntur.

Spennandi ferðir innanlands líka

„Fyrir utan þessa spennandi ferð til Króatíu langar okkur líka að vekja athygli á tveimur flottum ferðum hér innanlands; hjólaferð um Strandirnar sem verður seinnipartinn í júní og fjallaskíðaferð á Austurlandi um hvítasunnuna," segir Brandur. „Þetta eru hvort tveggja ferðir í fararstjórn mikilla reynslubolta sem leiða hópana sína af öryggi um þessi ólíku svæði." ■

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á ferdir.fjallakofinn.is/is/product/kroatia-sudur-um-hofin. Einnig má nálgast upplýsingar á ferdir.fjallakofinn.is og í gegnum netfangið ferdir@fjallakofinn.is.

ZHENZI Phebe kjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr

IVY BEAU Whitley kjóll
Stærðir 38-44
Verð 8.980 kr

ES&SY Winona kjóll
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Tasnim kjóll
Stærðir 38-46
Verð 7.980 kr

ZE ZE Bobbi kjóll
Fæst líka með bleikum blómum
Stærðir 38-48
Verð 10.990 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

ZHENZI Dovie kjóll
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-56
Verð 10.990 kr

ZHENZI Kacey kvarterma túnika
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr

ZHENZI Leola shiffonskyrta
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð 6.990 kr

ZHENZI Shara skyrta
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr

ZHENZI Iesha „oversized" bolur
Stærðir 42-56
Verð 6.990 kr

HABELLA festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN Tamaris SUNDAY Jana

ZE ZE Bobbi bolur
Fæst líka með bleikum blómum
Stærðir 38-48
Verð 7.990 kr

ZHENZI Sian gallapils með buxum undir
Fæst líka í dökkbláu
Stærðir 42-56
Verð 6.990 kr

ZE ZE Lance pils með léttum buxum undir
Fleiri litir til
Stærðir 36-48
Verð 6.990 kr

ZHENZI Twist hnébuxur
Fleiri litir til
Stærðir 42-52
Verð 7.990 kr

ZHENZI Susa hálfsíðar leggings
Stærðir 42-56
Verð 4.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Kvenlegur og klassískur stíll heillar

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Anna Linda Guðmundsdóttir er þekkt fyrir sinn glæsilega og fágaða fatastíl hvar sem hún kemur. Hún er fáguð í allri framkomu og stíllinn lýsir persónuleika hennar vel. Anna Linda kolféll fyrir breskri fatahönnun þegar hún fór aftur í nám á seinni árum í Edinborg.

Anna Linda er líka mikil hundakona og er besti hlaupafélaginn Baron, hundurinn hennar. Anna Linda lauk námi í hjúkrunarfræði við HÍ 1998 og bætti síðar við sig menntun í heyrnarfræði við háskóla í Edinborg og Cambridge í Bretlandi. „Ég starfaði í nokkur ár sem hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðamóttöku LSH en ákvað að skipta um starfsvettvang og fór að vinna hjá lyfjafyrirtæki (Pharmaco sem síðar varð Vistor), fyrst sem sölufulltrúi og síðar sem sölu- og markaðsstjóri," segir Anna Linda.

Áhuginn á heyrnarfræði jókst

„Á þeim tíma hafði maðurinn minn, hann Björn Víðisson, stofnað Heyrnartækni, fyrstu einkareknu heyrnartækjastöðina á Íslandi. Umsvif Heyrnartækni fóru vaxandi með hverju ári og ákvað ég að venda kvæði mínu í kross árið 2006 og fór að vinna hjá Heyrnartækni. Til að byrja með sinnti ég aðallega markaðsmálum en áhugi minn á heyrnarfræði jókst og tók ég þá ákvörðun að bæta við mig námi í fræðunum. Það var hægara sagt en gert, þar sem nám í heyrnarfræði er ekki í boði hér á landi. Eftir langa leit að hentugu námi fann ég háskóla í Edinborg þar sem ég gat stundað nám með vinnu."

Aðspurð segir Anna Linda að það hafi vissulega tekið á að setjast aftur á skólabekk. „Ég hef alltaf haft gaman af því að læra og námið átti vel við mig. Ég sinnti áfram starfi mínu hjá Heyrnartækni og flaug reglulega til Edinborgar, sem er í dag ein af mínum uppáhaldsborgum. Námið var strangt en stöku sinnum gafst mér tækifæri til að fara í verslanir í borginni og það má segi að þar hafi ég fallið fyrir breskri fatahönnun.

Í Edinborg uppgötvaði ég Holland Cooper-merkið sem ég held mikið upp á í dag. Fötin eru framleidd í Bretlandi og gylltir hnappar eru einkennandi fyrir fatnaðinn, hvort heldur sem er á peysum, jökkum eða pilsum. Í Edinborg er einnig að finna flotta L.K. Bennett verslun en þeirri hönnun hafði ég kynnst áður."

Ómetanlegur ferfættur félagi

Hreyfing og líkamsrækt er Önnu Lindu hugleikin og hefur hún alla tíð stundað reglubundna heilsurækt. „Ég hef nánast alla mína tíð haft áhuga hreyfingu og líkamsrækt en í dag stunda ég aðallega hlaup þó svo að ég grípi öðru hvoru í lóðin. Minn aðalhlaupafélagi í dag er hann Baron, írskur setter, en þessa tegund hunda hef ég átt í fjölda ára. Ég er mikil hundakona og finnst ómetanlegt að eiga ferfættan félaga sem fer með mér daglega í göngutúra."

Tónlist er líka partur af lífi hennar og hefur Anna Linda lengi haft mikinn áhuga á tónlist og hefur gaman af því að hlusta á klassík og djass. „Fyrir nokkrum árum ákvað ég að láta draum minn rætast og fara að læra að spila á píanó. Ég stundaði nám hjá kennara í tónlistarskólanum í Garðabæ og fór einnig í FÍH, þar sem ég lauk grunn- og miðstigsprófi í tónfræði og tónheyrn. Ég varð að gera hlé á píanónáminu meðan ég stundaði nám í heyrnarfræði þar sem lítill tími gafst til æfinga. Ég stefni þó að því að taka aftur upp þráðinn því ég hef afskaplega gaman af því að spila."

Kvenleg og klassísk snið

Aðspurð segist Anna Linda ávallt hafa haft skoðun á því hvernig fötum hún vilji klæðast. Þegar hún er beðin að lýsa sínum fatastíl segir hún hann vera klassískan. Þegar kemur að því að velja snið sem heilla hana mest má segja að það séu kvenlegar línur. „Ég klæðist gjarnan pilsum og silkiblússum í vinnunni og fer afar sjaldan í buxur, nema þá helst um helgar þegar ég er uppi í bústað. Kvenleg snið sem draga fram fallegar línur heilla mig frekar en pokaleg föt. Ég hef mikið dálæti á kjólum og á orðið ágætis kjólasafn."

Áttu þér þínar uppáhaldsflíkur?

Baron er mikill vinur Önnu Lindar og hér eru þau svo glæsileg og um leið töffaraleg saman. Anna Linda klæðist hér fallegum rauðum jakka með köflóttu mynstri og gylltum hnöppumi við buxur frá einum af sínum uppáhaldshönnuðum, Holland Cooper. Blússan er frá Stenströms og stígvélin frá Stuart Weitzman.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Kvenleg snið sem draga fram fallegar línur heilla mig frekar en pokaleg föt.

Kjóllinn frá LK Bennett klæðir Önnu Lindu vel og beltið ásamt veskinu frá Louis Vuitton setja punktinn yfir i-ið. Skórnir eru frá Christian Louboutin.

„Mikael Aghal-kjóll sem ég keypti fyrir fertugsafmælið mitt er í miklu uppáhaldi, sem og silkikjóll sem ég keypti í Matthildi fyrir útskriftina mína í Edinborg. Einnig held ég mikið upp á rauðköflóttan jakka frá Holland Cooper."

Áttu uppáhaldshönnuð?

„L.K. Bennett, Holland Cooper, By Malene Birger, Temperley London og Louis Vuitton." Það tískuvörumerki sem heillar Önnu Lindu mest er Chanel.

Þegar kemur að litavali, fylgir þú tískustraumunum eða áttu þér þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?

„Ég vel mér gjarnan blússur í lit og svart pils við eða öfugt. Fer sjaldnar en áður í allt svart. Kampavínsgylltur, hvítur, smaragðsgrænn, fölbleikur, rauður og dökkblár eru litir sem ég held upp á."

Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?

„Ég heillast mest af skóm frá Christian Louboutin en daglega geng ég oftast í Stuart Weitzman rúskinnsstígvélum eða hælaskóm frá sama merki. Ótrúlega þægilegir og vandaðir skór. Strigaskó fer ég bara í ef ég er að fara út að hlaupa eða ganga með hundinn."

Þegar þú velur þér fylgihluti hvað finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?

„Fallegar töskur, belti, klúta, úr, skartgripir ásamt sólgleraugum eru ómissandi fylgihlutir." ■

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Út að hlaupa

Blaðið er sérstaklega ætlað þeim sem stunda hlaup, skokk eða kraftgöngu, byrjendum jafnt sem lengra komnum.
Boðið verður upp á skemmtilegan fróðleik og áhugaverð viðtöl.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu og markaðsfulltrúi
Sími: 550 5662 / arnarm@frettabladid.is

NÁTTÚRULEG, *Íslensk* & KRÖFTUG

100% VEGAN · NON-GMO · ENGIN AUKAEFNI · ADDITIVE FREE

Léttari melting

Öflugar blöndur fyrir heilbrigða meltingu og þú verður léttari á fæti.
Hvannarrót er þekkt fyrir að róa meltingarkerfið og **íslensk fjallagrös** næra líkamann að innan.
Magnesíum blandan er öflug blanda fyrir meltingu og almenna líðan.

Fyrir glóandi húð

Húð, hár og neglur er öflug þarablanda stútfull af vítamínum og steinefnum. **Astaxanthin** verndar húðina þína fyrir útfjólubláum geislum og kemur í veg fyrir ótímabæra öldrun húðarinnar.
Collagen Skin er öflug blanda fyrir húðina og styrkir vefi líkamans.

Náttúruleg slökun & betri svefn

Öflugar blöndur fyrir bættari svefn og meiri slökun. Getur hjálpað þér að vakna ferskari á hverjum morgni.

Fyrir ónæmis-kerfið þitt

Kraftur, orka og vernd inní veturinn. Þú getur forðast vetrarpestir með því að hugsa vel um þig daglega.

það tekur 21 dag að skapa nýja venju

Fáðu sent heim úr vefverslun ICEHERBS
www.iceherbs.is

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu

Club Car Tempo 2020 Bíll í toppstandi og nýinnfluttur. Nýir 8V rafgeymar og allur yfirfarinn. Kr. 1.480.000 Hægt að fá myndir sendar í tölvupósti. Sími 8971928 / hb@a7.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940
Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Húsnæði til sölu

SUMARHÚS/GESTAHÚS TIL
Fallegt vel einangrað 24 ferm. Staðsett í Reykjavik. Verðið er 5,8 komið til þín á Hellu eða í Borgarfjörð. Uppl., myndir og teikningar. 820-5181

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Auglýsing um Skipulagsmál

Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulögum:

Deiliskipulag – Efri Ey II og III, Skaftárhreppi – Ferðaþjónusta og tengd starfsemi.
Deiliskipulag þetta er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til hluta af landi Efri-Eyjar II (L163319) og hluta af landi Efri Eyjar III (L163320). Skipulagssvæðið er um 3 ha.
Um er að ræða reit VÞ12 skv. nýju endurskoðuðu aðalskipulagi sem samhliða er auglýst hér.
Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina ramma utan um ferðaþjónustuna sem fyrir er á svæðinu og framtíðaruppbyggingu henni tengdri.

Deiliskipulag – Snæbýli I, Skaftárhreppi – Ferðaþjónusta.
Deiliskipulag þetta er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til hluta af landi Snæbýlis I (L163449). Fyrir eru 3 hús sem byggð hafa verið á sl. 3 árum, sem er þá 1.áfangi. Hús 4, 5, og 6 eru 2.áfangi og hús 7, 8, 9, 10 og 11 eru 3.áfangi, sjá nánar á uppdrætti.
2.áfangi verður byggður á næstu 2 árum.
Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina ramma utan um ferðaþjónustuna sem fyrir er á svæðinu og framtíðaruppbyggingu henni tengdri

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með **fimmtudeginum 19.maí til og með 30.júní 2022**. Tillögurnar eru til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Fh. Skaftárhrepps

Ólafur Júlíusson
Skipulags- og byggingafulltrúi

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 Heildarendurskoðun

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan inniheldur greinargerð, umhverfismatsskýrslu, sveitarfélagsuppdrátt og þettbýlisuppdrátt fyrir Kirkjubæjarklaustur.
Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022. Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri og Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 19.maí 2022. Einnig má nálgast öll gögn frá og með fimmtudeginum 19.maí 2022 á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is

Samhliða tillögunni er auglýst umsögn Skipulagsstofnunar frá 12.maí 2022.

Tillagan verður auglýst frá og með **19.maí 2022** með athugasemdafresti til **30.júní 2022**. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast skriflega á skrifstofu skipulags- og byggignafulltrúa að Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á neftfangið bygg@klaustur.is

f.h. Skaftárhrepps

Ólafur Júlíusson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

Miðjupólitík

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Sumir segja að það hafi vantað pólitík í sveitarstjórnarkosningarnar.

Framsókn segir aftur á móti að stórsigur hennar endurómi kröfur um breytingar þar sem miðjan fái aukið vægi á kostnað flokka lengst til vinstri og hægri.

Í landsmálapólitísku samhengi er þetta einkar áhugavert sjónarmið.

Miðjan

En hvað er miðjupólitík? Sumir lýsa henni sem leið sátta og samlyndis þar sem kjósendur eru leystir undan oki pólitískra átaka. Framsókn segist vera þar. Aðrir skilgreina miðjupólitík sem skoðanaleysi.

Veruleikinn er hins vegar sá að á miðjunni þurfa menn að sækja og verjast bæði til hægri og vinstri. Alvöru miðjupólitík getur því ekki eytt því eðli stjórnmálanna að takast á um hugmyndafræði og berjast fyrir völdum.

Miðjupólitík getur líka verið misjafnlega skynsamleg og misjafnlega ábyrg, rétt eins og önnur pólitík.

Oft er gott að glöggva sig á hlutunum með raunverulegum dæmum:

Miðjan í samgöngum

Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins er fínt dæmi um efnislega skynsama og ábyrga miðjupólitík.

Miðjupólitíkin í sáttmálanum felst í því að fjármunum er skipt jafnt á milli framkvæmda til þess að bæta almenningssamgöngur og svo styrkja hraðbrautir, stokka og mislæg gatnamót. Nokkrum fjármunum er svo varið til að bæta aðstöðu þeirra sem ganga og hjóla.

Enginn talaði hins vegar fyrir sáttmálanum með þeim rökum að verið væri að fara bil beggja með tiltölulega hófsömum breytingum.

Fráfarandi meirihluti í borgarstjórn seldi sáttmálann eins og honum væri einvörðungu ætlað að efla almenningssamgöngur. Minnihluti sjálfstæðismanna talaði gegn honum á sömu forsendu. Þvert á efni sáttmálans stýrði hugmyndafræði jaðranna umræðunni.

Þessi ósannsögli gæti með öðru hafa hjálpað Pírötum í Reykjavík. Að sama skapi kann hún að eiga sinn þátt í að helstu flokkar meirihlutans og minnihlutans töpuðu illa, því að fleiri kjósendur þeirra standa nær miðjunni.

Miðjan í alþjóðasamvinnu

Þær leikreglur, sem gilda á innri markaði Evrópusambandsins,

eru umgjörð um langsamlega umfangsmestu og áhrifaríkustu miðjupólitík, sem íslensk stjórnvöld eiga aðild að.

Innri markaðurinn byggir á málamiðlun milli markaðsbúskapar og félagslegs öryggisnets, sem meðal annars birtist í öflugri neytendavernd og stuðningi við jaðarbyggðir.

Full aðild að Evrópusambandinu yrði að því leyti engin grundvallarbreyting. Hún myndi aðeins færa miðjupólitíkina lengra út. Hugmyndafræðin er sú sama og lá til grundvallar samvinnufélögunum á sínum tíma.

Þessi miðjupólitík er yfirleitt studd af frjálslyndum flokkum, hófsömum hægri flokkum og sósíaldemókrötum. Á móti eru flokkar lengst til hægri og vinstri.

Eftir stórsigur Framsóknar á höfuðborgarsvæðinu er nú fjölmargt fólk í kjósendamengi flokksins, sem hefur ekki sömu andúð á þátttöku í fjölþjóðlegri miðjupólitík eins og forystan. Þegar fram í sækir gæti þetta hugsanlega leitt til mestu breytinganna, sem hljótast af kosningaúrslitunum.

Miðjan í ríkisfjármálum

Ríkjandi stefna í ríkisfjármálum er miðjupólitík.

Hún birtist í því að flokkurinn lengst til hægri hefur fengið skatta lækkaða og flokkurinn lengst til vinstri hefur áorkað hinu, að auka útgjöldin. Flokkurinn mitt á milli styður hvort tveggja og sleppur fyrir vikið við átök, sem fylgja því að taka afstöðu.

Þessi miðjupólitík tryggir stöðugleika í ríkisstjórninni. Afleiðingin fyrir fólkið og fyrirtækin er hins vegar kerfislægur halli, sem vinnur gegn stöðugleika í þjóðarbúskapnum, eykur þenslu og ýtir undir verðbólgu og hækkun vaxta. Þetta er því dæmi um óábyrga miðjupólitík.

> **Þessi miðjupólitík er yfirleitt studd af frjálslyndum flokkum, hófsömum hægri flokkum og sósíaldemókrötum. Á móti eru flokkar lengst til hægri og vinstri.**

Ábyrg miðjupólitík í ríkisfjármálum felst í því að hafa meira hóf á útgjaldaaukningunni og fjármagna hana án lántöku. Utan við þetta dæmi falla tímabundnar lántökur vegna faraldursins.

Enginn getur þó gert þetta án einhverra átaka.

Miðjan og framtíðin

Við lifum nú mikla óvissutíma. Farsæld Íslands í þeirri framtíð, sem við blasir, mun að miklu leyti ráðast af því hversu áhrifarík og ábyrg miðjupólitíkin verður á næstunni.

Þegar við horfum til möguleika á vexti og framförum er óráð að ýta frekari fjölþjóðlegri miðjupólitík út úr mengi íslenskra hagsmuna.

Til þess að tryggja stöðugleika í þjóðarbúskapnum þarf ábyrg miðjupólitík í ríkisfjármálum að leysa óábyrga miðjupólitík af hólmi.

Svo má alveg tala um breiddina í samgöngusáttmálanum. ■

TIL LEIGU – SÖLU

EINSTAKT TÆKIFÆRI !

GEO Hótel Grindavík

Glæsilegt 36 herbergja hótel, byggt 2015, fullbúið og tilbúið í rekstur.

Rekstrarleyfi fyrir 80 gesti og veitingasalur með leyfi fyrir 60 gesti. Glæsileg herbergi og sameiginleg aðstaða.

- Glæsilegt 36 herbergja hótel sem var byggt 2015.
- Rekstrarleyfi fyrir 80 gesti og veitingasalur með leyfi fyrir 60 gesti.
- Glæsileg herbergi og sameiginleg aðstaða.
- Örstutt í alla þjónustu, veitingahús, kaffihús, verslanir, sundlaug og heilsurækt.
- Blá lónið og eldgos í nokkurra kílómetra fjarlægð.
- Hótelið er með 4,5 á Tripadvisor og 9 á Hotels.com.

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG
AUÐBREKKA 9-11
200 KÓPAVOGUR
LUNDURFASTEIGNIR.IS

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HAFSTEINN@LUNDURFASTEIGNIR.IS

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG

Þrjóska Mickelsons að skemma arfleifðina

Ári eftir að Phil Mickelson varð elsti maðurinn í sögunni til að vinna eitt af risamótunum í golfi verður hann hvergi sjáanlegur þegar mótið hefst í dag. Titilvörninnni var fórnað á kostnað deilu Mickelsons við forsvarsmenn PGA-mótaraðarinnar. Þetta er í fyrsta sinn í þrjátíu ár sem hann er ekki meðal þátttakenda á hinu árlega risamóti.

kristinnpall@frettabladid.is

Fæstir áttu von á því að Mickelson myndi verða í toppbaráttunni þegar hann vann PGA-meistaramótið í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mynd af Mickelson bíður aðdáenda við komuna á völlinn en kylfingurinn sjálfur er hvergi sjáanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

GOLF Óhætt er að segja að kylfingurinn Phil Mickelson sé búinn að mála sig út í horn með deilu sinni við stjórnendur PGA-mótaraðarinnar. Ákvörðun hans um að afþakka boð um að verja titilinn á mótaröðinni og staðfesta hans þegar kemur að því að brjóta kjarasamning leikmanna og leika á nýrri mótaröð sem hefst í sumar, hefur dregið dilk á eftir sér. Arfleifð hans innan golfíþróttarinnar er að fjara út og margir af fremstu kylfingum heims hafa stigið fram og gagnrýnt hegðun hans.

„Hann er með sínar hugmyndir um framtíð íþróttarinnar og ég er með mínar hugmyndir. Ég hef trú á arfleifð, risamótum og samanburði við söguna. Phil hefur sagt ýmislegt sem ég og aðrir kylfingar erum ósammála um," var meðal þess sem Tiger Woods svaraði þegar hann var spurður út í fjarveru Phils í aðdraganda mótsins.

Deilan hófst í upphafi árs þegar rithöfundurinn Alan Shipnuck deildi ummælum Mickelsons þar sem hann viðurkenndi að þótt hann væri hliðhollur áætlunum Sádi-Araba um nýja mótaröð, væri hann á sama tíma óttasleginn enda væru aðilarnir sem um ræðir hættulegir og hefðu ekki sýnt mannréttindum virðingu. Á sama tíma væri hann hrifinn af hugmyndinni um að stuða PGA-mótaröðina, stærstu mótaröð heims í golfi.

Ummælin vöktu mikla athygli og var Mickelson gagnrýndur af keppinautum sínum á PGA-mótaröðinni og styrktaraðilar slitu samstarfi við hann. Kylfingurinn baðst afsökunar og ákvað að draga sig í hlé, meðal annars með því að sleppa fyrsta risamóti ársins.

Samhliða því sótti Phil um undanþágubeiðni frá PGA-mótaröðinni til að geta tekið þátt í nýrri mótaröð, LIV-mótaröðinni, sem er samstarfsverkefni Sádi-Arabíu og Gregs Norman, með margfalt hærra verðlaunfé en þekkist á PGA-mótaröðinni. Þeirri beiðni var hafnað á dögunum og þremur dögum síðar afboðaði Mickelson sig á PGA-meistaramótið sem hefst í dag. Í millitíðinni komst í fréttir kafli úr væntanlegri bók Shipnucks um Mickelson þar sem segir að hann hafi tapað 40 milljónum dala í veðmálum.

„Ef hann hefði hætt eftir PGA-meistaramótið í fyrra hefði hann farið út sem frábær fulltrúi íþróttarinnar. Því miður hefur það sem tók við ekki verið honum til framdráttar og hann hefur aðeins skemmt arfleifð sína," segir Þorsteinn Hallgrímsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í golfi og lýsandi á Golfstöðinni, spurður hvaða áhrif hegðun Mickelson hafi á arfleifð hans.

„Þegar hann vinnur PGA-meistaramótið í fyrra kemur hann svona skemmtilega á óvart. Það áttu fáir von á því að hann gæti blandað sér í baráttuna í fyrra en hann spilaði bara eins og hann væri rúmlega þrítugur rétt fyrir fimmtíu ára afmælisdag sinn, fullur sjálfstrausts."

Þorsteinn tekur undir að hann hafi verið með einstakt lag á að vera maður fólksins í gegnum tíðina en hann háði margar baráttunar við Tiger um stærstu titla heims í tvo áratugi.

„Hann var hálfgerður arftaki Arnolds Palmer sem þessi kylfingur fólksins. Það líkaði í raun öllum vel við Mickelson en þessi hegðun hans undanfarna mánuði, þessi þrjóska, er honum ekki til sóma. Miðað við

> **Þetta er í fyrsta sinn síðan 1992 sem Phil Mickelson er ekki meðal þátttakenda á PGA-meistaramótinu.**

> **Mickelson er áttundi sigursælasti kylfingur PGA-mótaraðarinnar frá upphafi með 45 sigra.**

það hvernig hann hefur staðið fyrir fólkið í gegnum tíðina finnst manni eins og það sé einhver annar að tala en hann sjálfur í hvert sinn."

Í grunninn snýst deilan um úthlutun peninga og er margt líkt með hugmyndinni sem LIV-mótaröðin er byggð á og Ofurdeild Evrópu sem stærstu knattspyrnulið álfunnar lögðu á ráðin um á síðasta ári.

„Þessi rök hans lykta af þrjósku. Þetta er svipað og ef LeBron James myndi skyndilega taka upp á því að stofna aðra körfuboltadeild til höfuðs NBA-deildinni. Fólk myndi eðlilega spyrja sig spurninga," segir Þorsteinn og heldur áfram:

„Hugmyndir hans um að það sé ekkert að því að stofna aðra mótaröð og að leikmenn fái betur borgað því leikmenn þurfi að eiga fyrir salti í grautinn. Hann er búinn að þéna 80 milljónir dollara í verðlaunafé á ferlinum og gríðarlega háar fjárhæðir í auglýsinga- og samstarfstekjum. Það er því ekki hægt að segja að hann hafi farið illa út úr því að vera að spila á PGA-mótaröðinni."

Þorsteinn sem lýsir fyrstu tveimur dögum mótsins á Golfstöðinni tekur undir að það virðist sem svo að kylfingar séu að skiptast í fylkingar en flestir af þeim bestu á heimsvísu standi með PGA-mótaröðinni.

„Leikmenn eru farnir að standa meira með PGA-mótaröðinni en reyna eftir bestu getu að tala ekki illa um Phil. Mér fannst góður punktur þegar John Rahm talaði um að það væri ýmislegt sem mætti fara betur, en hann væri ekki á þessum stað ef ekki væri fyrir PGA-mótaröðina."■

Arnari heimilt að velja Aron Einar í næsta landsliðshóp

sport@frettabladid.is

FÓTBOLTI Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hefur ekki rætt við Aron Einar Gunnarsson frá því að héraðssaksóknari ákvað að fella niður kynferðisbrotamál gegn Aroni og Eggerti Gunnþóri Jónssyni í síðustu viku. Að sögn Vöndu eru engar reglur sem banna Arnari Þór Viðarssyni að velja Aron í næsta verkefni karlalandsliðsins. Þetta kom fram í skriflegu svari Vöndu við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Eins og staðan er núna þá eru engar reglur sem banna landsliðsþjálfara að velja ákveðna leikmenn," segir Vanda, aðspurð hvort Arnar gæti valið Aron í landsliðshópinn fyrir næsta verkefni.

Aðspurð sagðist hún ekki hafa rætt við Aron Einar um málið. Ísland mætir Ísrael og Albaníu í Þjóðadeildinni í næsta mánuði og mætir San Marínó í æfingaleik.

> **ÍSÍ er að vinna í að móta reglur og viðmið, sem átti að skila þann 1. mars síðastliðinn.**
>
> Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

Aron hefur ekki komið við sögu í landsleik í tæpt ár. Síðasti leikur hans fyrir karlalandsliðið var gegn Póllandi í æfingaleik í júní í fyrra. Síðar á árinu var Aron sakaður um kynferðisbrot frá árinu 2010 og tók



Vanda Sigurgeirsdóttir og Jóhannes Karl Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Arnar Þór að eigin sögn meðvitaða ákvörðun um að velja Aron Einar ekki í landsliðshópinn fyrir leiki í í kjölfarið af því að málið komst í sviðsljósið. Aron hefur verið fyrirliði liðsins frá árinu 2012.

Sjálfur sagði Aron, sem var búinn hafa gefið kost á sér síðasta haust, að hans upplifun af málinu væri sú að stjórn KSÍ hefði komið í veg fyrir þátttöku hans.

„ÍSÍ er að vinna í að móta reglur og viðmið, sem átti að skila þann 1. mars síðastliðinn. Við erum að bíða eftir að sú vinna klárist, ásamt því að verið er að endurskoða regluverk samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Vonandi klárast þessi vinna sem allra fyrst. Þar sem þetta hefur dregist hefur KSÍ farið af stað í að útbúa bráðabirgðareglur sem eiga að verða tilbúnar á næstu vikum," segir Vanda, aðspurð út í möguleikann á því að Aron komi aftur inn í landsliðið.■

EFTIR 2 DAGA!

ANDREA BOCELLI

Í KÓRNUM Á LAUGARDAG

STJÓRNANDI MARCELLO ROTA SÓPRAN MARIA ALEIDA RODRIGUEZ SÉRSTAKUR GESTUR JÓHANNA GUÐRÚN

FIÐLA ANASTASIYA PETRYSHAK HLJÓMSVEIT SINFONIANORD KÓR SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

DANS STJÓRNANDI STELLA RÓSENKRANZ DANSARAR / DANSHÖFUNDAR HELGA KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR SIGURÐUR MÁR ATLASON

DAGSKRÁ KVÖLDSINS

18:00 – Sætaferðir hefjast frá Smáralind

18:30 – Húsið opnar

20:00 – Tónleikar hefjast

22:30 – Áætluð lok*

20 mínútna hlé er á tónleikunum.

*Dagskrá er birt með fyrirvara og getur riðlast. 20 mínútna hlé er á tónleikunum.

www.senalive.is/bocelli

Arion banki Coca-Cola sena LIVE

Merkisatburðir

1322 Hjónaband Karls 4. Frakkakonungs og Blönku drottningar gert ógilt. Hún hefur þá setið í dýflissu í átta ár.
1341 Hekla gýs. Annálar segja að gosið hafi nálega eytt fimm hreppum.
1499 Katrín af Aragóníu gengur að eiga Arthúr prins af Wales. Þetta er staðgengilsbrúðkaup þar sem þau hittust fyrst tveimur árum síðar.
1536 Anne Boleyn, önnur eiginkona Hinriks 8. Englandskonungs, tekin af lífi vegna hórdóms.
1603 Leikhópur Williams Shakespeare, Lord Chamberlain's Men, fær sérstakt leyfisbréf frá Jakobi konungi og nefnist eftir það King's Men.
1604 Í Kanada er borgin Montreal stofnuð, þá Ville-Marie eða Borg Maríu en nafninu var síðar breytt.
1606 Vasilíj Sjúiskíj er lýstur Rússakeisari af áhangendum sínum.
1643 Þrjátíu ára stríðið: Frakkar vinna sögulegan sigur á Spánverjum í orrustunni við Rocroi.

†

Okkar ástkæra

María Jóhannsdóttir

áður til heimilis að
Þingvallastræti 27, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, 4. maí sl.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 20. maí kl. 13.
Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast Maríu er bent á Alzheimersamtökin.

Arna Borg Einarsdóttir **Helgi Magnússon**
Birkir Einarsson **Anna Sylvía Sigmundsdóttir**
Eydís Einarsdóttir **Stefán Viðar Finnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristján Jónsson

Árbyrgi,
áður til heimilis að Heiðvangi 3, Hellu,

verður jarðsunginn frá Breiðabólsstaðarkirkju í Fljótshlíð, föstudaginn 20. maí klukkan 14.

Andrés Kristjánsson **Ingveldur Pétursdóttir**
Rúnar Kristjánsson **Inga K. Sveinsdóttir**
Kristjón L. Kristjánsson **Guðríður Hauksdóttir**
Magnús Kristjánsson **Oddrún M. Pálsdóttir**
Dýrfinna Kristjánsdóttir **Þórir Björn Kolbeinsson**
Hjálmar Trausti Kristjánsson **Eygló Huld Jóhannesdóttir**
Þorgerður Kristjánsdóttir **Þorgeir Axelsson**
Gréta Björk Þorsteinsdóttir **Magnús Ingvarsson**
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginkona og móðir,

Þórdís Hrönn Þorgilsdóttir

Básenda 4, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans þann 10. maí, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 20. maí kl. 10.

Magnús Magnússon
Guðlaug Sól Magnúsdóttir

†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Ásdís Guðbjörg Konráðsdóttir

Linnetstíg 2, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu, sunnudaginn 24. apríl.
Útför Ásdísar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00.

Sólveig Kristjánsdóttir **Finnur Óskarsson**
Sigríður Kristjánsdóttir **Björn Kristján Svavarsson**
Kristján Rúnar Kristjánsson **Katrín Sveinsdóttir**
Stella Ásdísar Kristjánsdóttir
Ragnar Frank Kristjánsson **Ulla Rolfsigne Pedersen**
Ásta Jóhanna Barker
Svavar Svavarsson
barnabörn og makar, og langömmubörn.

Þórsteinn stígur nú til hliðar eftir að hafa sinnt formennsku Kirkjugarðasambandsins frá stofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grænir griðastaðir

Fráfarandi formaður Kirkjugarðasambands Íslands segir mikilvægt að standa vörð um hagsmuni garðanna og leiðrétta skerðingar sem á þeim hafi dunið frá hruni.

arnartomas@frettabladid.is

Þórsteinn Ragnarsson hefur gegnt formennsku í Kirkjugarðasambandi Íslands frá stofnun þess árið 1995 en stígur nú til hliðar eftir 26 ára starf.

„Ég fann það þegar ég var búinn að vera í tæpt ár í starfi sem forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur að það vantaði tengiliði út á land og að fólk innan þessarar starfsgreinar þekktist betur," segir Þórsteinn. „Það var um tuttugu manna hópur sem fundaði um stofnun sambandsins og komst að þeirri niðurstöðu að það væri löngu tímabært að stofna landssamtök um málefni kirkjugarða."

Við stofnun voru um tuttugu garðar sem komu að sambandinu, en á landinu öllu eru um 250 kirkjugarðar eða grafreitir. Þórsteinn segir flesta örsmáa, að því leyti að þar er sjaldan grafið, enda sé orðið fámennt í sveitum. Eftir nokkur ár stækkaði umfang sambandsins og þá voru allir kirkjugarðar landsins í Kirkjugarðasambandinu.

Stjórnsýsla og skerðingar

Eitt fyrsta verkefni sambandsins segir Þórsteinn að hafi verið varsla kirkjugarðanna gegn fjárveitingarvaldinu.

„Það var sífellt verið að kroppa af þeim lögbundnu tekjum sem garðarnir höfðu og tengdust okkar verkefni því fyrstu árin," útskýrir hann. „Síðan tókum við verkefni eins og að reyna að efla samband milli þeirra sjálfseignarstofnana sem kirkjugarðar voru þannig að stjórneiningunum yrði fækkað, helst niður fyrir hundrað."

> Ég er með bústað fyrir austan fjall þar sem ég ætla að yrkja jörðina og rækta. Svo er kannski að lesa fleiri góðar bækur
>
> Þórsteinn Ragnarsson, fráfarandi formaður Kirkjugarðasambands Íslands

Þrátt fyrir að stjórn sambandsins hafi verið samstíga í því viðhorfi, segir Þórsteinn að henni hafi orðið lítið ágengt í þeim efnum.

„Það var eins og menn teldu að eitthvað tapaðist út við við þetta, þrátt fyrir að við hefðum alltaf lagt áherslu á að það yrði einn fulltrúi frá hverjum garði í stjórninni. Ég er þó sannfærður um að þeir sem taka við keflinu muni einbeita sér að þessu enda er gríðarlegt hagsmunamál fyrir kirkjugarðageirann að einfalda stjórnsýsluna."

Þá segir Þórsteinn mikilvægt að standa vörð um hagsmuni garðanna og leiðrétta þær skerðingar sem hafa dunið á geiranum frá hruni.

Skjólgóð fegurð

Hlutverk kirkjugarða einskorðast ekki aðeins við að minnast þeirra látnu heldur eru þeir á Íslandi sem og í öðrum löndum grænir reitir í borginni þar sem fólk getur sótt í rólegt og fallegt umhverfi.

„Hér í Reykjavík er gríðarlegur fjöldi sem leggur leið sína í Hólavallagarð. Í Fossvogsgarði er mjög skýlt og þegar norðangarri er hér yfir sumartímann er logn þar og fólk gengur um garðinn til að lesa á spjöld sögunnar," segir hann. „Erlendis eru þetta stundum einu griðastaðirnir sem fólk hefur í stórborgunum – þessi grænu svæði sem hafa þó meira rutt sér til rúms á síðustu árum."

Garðyrkja og góðar bækur

Þórsteinn er þessa dagana að ljúka störfum sem forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur samhliða störfum sínum fyrir Kirkjugarðasambandið. Við formennsku í Kirkjugarðasambandinu tekur Smári Sigurðsson en Þórsteinn stefnir á að taka því heldur rólega.

„Núna sný ég mér bara að þeim hugðarefnum sem ég hef," segir hann. „Ég er með bústað fyrir austan fjall þar sem ég ætla að yrkja jörðina og rækta. Svo er kannski að lesa fleiri góðar bækur en ég hef gert undanfarin ár, nú þegar það gefst meiri tími til að staldra við." ■

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Steindór Árnason

frá Neskaupstað,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 12. maí.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Metta Dagný Gunnarsdóttir
Árný Gyða Steindórsdóttir **Steve Button**
María Steindórsdóttir **Jens Pétur Jensen**
Helga Steindórsdóttir **Hallur Þorsteinsson**
Gunnar Valur Steindórsson **Kristrún Einarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bára Ágústsdóttir

Skipastíg 8, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 11. maí.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 20. maí klukkan 12.

Sigurður Ragnar Ólafsson
Ágústa Kristín Guðmundsdóttir **Snorri Viðar Kristinsson**
Guðný Sigurðardóttir **Sigþór Gunnar Sigþórsson**
Magnús Ólafur Sigurðsson **Aom Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

SUMARTILBOÐ

LANDMANN gasgrill Triton 4ra brennara stál

Afl 12 KW
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Stór efri grind
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Ryðfrítt stál í loki, hurðum og takkaborði
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

Niðurfellanleg hliðarborð

Verð áður 109.900
SUMARTILBOÐ
94.900

LANDMANN gasgrill Triton 3ja brennara

Afl 10,5 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Stór efri grind
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grátt

Niðurfellanleg hliðarborð

Verð áður 99.900
SUMARTILBOÐ
79.900

LANDMANN gasgrill Triton 2ja brennara

Afl 7 KW
- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Stór efri grind
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 46 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grátt

Niðurfellanleg hliðarborð

Verð áður 79.900
SUMARTILBOÐ
69.900

LANDMANN gasgrill Triton 5 brennara

Afl 14,8 KW
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- **Innrauður OFUR brennari**
- Grillgrindur úr pottjárni
- Stór efri grind
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir brennara
- **Ljós í tökkum**
- Ryðfrítt stál í loki, hurðum og takkaborði
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillflötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

Verð áður 129.900
SUMARTILBOÐ
109.900

Enders Gasgrill Monroe Pro Turbo 3+2 brennara

Frá Þýskalandi

Afl 18,35 KW
- Ryðfrítt stál
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Þar af ofurbrennari 4,2 KW
- Simple Clean hreinsikerfi
- Tvöfalt einangrað lok
- Grillgrindur úr pottjárni
- Gashella í hliðarborði
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Kveiking í öllum tökkum
- Stór efri grind - Hitamælir
- Grillflötur 62 x 43 cm

SIMPLE CLEAN
Hreinsikerfi

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu
TURBO ZONE

Verð áður 159.900
SUMARTILBOÐ
139.900

LANDMANN eldstæði Ball of Fire

Yfirbreiðsla fylgir

SUMAR TILBOÐ
www.grillbudin.is

Verð áður 49.900
SUMARTILBOÐ
39.900

Margar gerðir eldstæða í boði

Enders gasgrill Chicago Turbo 3ja brennara

Afl 10,4 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Þar af ofurbrennari 4 KW
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum tökkum
- Hitamælir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Grillflötur 60 x 42 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

Niðurfellanleg hliðarborð

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu
TURBO ZONE

Verð áður 89.900
SUMARTILBOÐ
69.900

Enders Gasgrill Monroe Pro X Turbo 3ja brennara

Frá Þýskalandi

SIMPLE CLEAN
Hreinsikerfi

Afl 11,2 KW
- Ryðfrítt stál
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Þar af ofurbrennari 4,2 KW
- Simple Clean hreinsikerfi
- Tvöfalt einangrað lok
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum tökkum
- Stór efri grind
- Hitamælir
- Grillflötur 74 x 43 cm

Niðurfellanleg hliðarborð

Ofurbrennari fyrir snöggsteikingu
TURBO ZONE

Verð áður 139.900
SUMARTILBOÐ
119.900

LANDMANN Rafmagnsgrill

Afl 2.000 wött
- Grillgrindur úr emaleruðu pottjárni
- Sjálflýsandi hitamælir
- Grillgrindur úr pottjárni
- Lok úr áli
- losanleg hliðarborð
- Grillflötur 48 x 37 cm

Verð áður 79.900
SUMARTILBOÐ
69.900

Enders Frá Þýskalandi

Rafmagnshitari Barcelona

Afl 2.100 wött
- 2.000 Wött með innrauðri stuttbylgjutækni
- Hitinn kemur strax og kveikt er
- 3 stillingar á hita
- Stillanleg hæð
- Hitunarsvæði ca. 12 fermetrar
- IP 44 þéttleiki
- Hæð 210 cm
- Ummál Ø 60 cm

FULLT VERÐ 44.900
SUMARTILBOÐ
34.900

Verslaðu í þægindum heima
í okkar glæsilegu vefverslun
www.grillbudin.is

Grillbúðin

Opið virka daga 11-18 og Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2 Kópavogi - Sími 554 0400

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2011-2012
14.25 Fólkið í landinu
14.45 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
15.55 Kvöldstund með listamanni 1986-1993
16.30 Mótorsport
17.00 Svikabrögð
17.30 Landinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.29 Lúkas í mörgum myndum
18.36 Tryllitæki
18.43 KrakkaRÚV - Tónlist
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli
20.35 Húsið okkar á Sikiley
21.05 Rökstólar Stuttir sænskir þættir um ólíkar skoðanir fólks á hinum ýmsu málefnum.
21.25 Aldur og yndisþokki
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Vitjanir
23.55 Babýlon Berlín
00.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.30 Dr. Phil
13.13 The Late Late Show with James Corden
13.52 The Block
14.56 Black-ish
15.17 Family Guy
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Single Parents
19.40 Missir
20.15 Sögur sem breyta heiminum
20.30 Ræktum garðinn
20.45 9-1-1
21.35 NCIS: Hawaii
22.25 Love Island Australia
23.25 The Late Late Show with James Corden
00.10 Strange Angel
01.10 Law and Order: Special Victims Unit
01.55 Billions
02.55 Dexter: New Blood
03.50 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The O.C.
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Shrill
09.45 Masterchef USA
10.25 Einfalt með Evu
10.50 Besti vinur mannsins
11.15 Mom
11.30 The Goldbergs
11.55 30 Rock
12.15 30 Rock
12.35 Nágrannar
12.55 The Goldbergs
13.20 Suits
14.00 Fresh off the Boat
14.20 Shipwrecked
15.10 The Heart Guy
15.50 Wipeout
16.35 Eldhúsið hans Eyþórs
16.55 Making It
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 The Titan Games
20.30 Girls5eva
21.00 NCIS: New Orleans
21.45 The Blacklist
22.25 Real Time With Bill Maher
23.25 Conversations with Friends
23.50 Barry
00.20 Grantchester
01.10 Hotel Portofino
02.00 The O.C.
02.45 Shrill
03.10 Masterchef USA

Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðiprófessor í Mannamáli

Það er enginn skortur á umræðuefni þegar Ólafur Þ. Harðarson, einn helsti stjórnmálaskýrandi landsins og Sigmundur Ernir leiða saman hesta sína í Mannamáli kvöldsins, en þar svífa sögur á borð við þær þegar kratasonurinn fór í sveit á Kirkjubóli í Önundarfirði og breyttist þar í Framsóknarmann sem færði föður hans það verkefni að hausti að snúa honum aftur í réttan flokk.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 brýna
5 nögl
6 íþróttafélag
8 tengsla
10 rykögn
11 frostsár
12 kk. nafn
13 niður
15 mótlæti
17 skófla

LÓÐRÉTT
1 ríki í Ameríku
2 flaska
3 gláp
4 veiðir
7 harðindi
9 skima
12 borgun
14 framkoma
16 kvik

LÁRÉTT: **1** eggja, 5 kló, 6 fh, 8 vensla, 10 ar, 11 kal, 12 karl, 13 ofan, 15 raunir, 17 spaði.
LÓÐRÉTT: **1** ekvador, 2 gler, 3 gón, 4 afiar, 7 hallæri, 9 skanna, 12 kaup, 14 fas, 16 ið.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Napolitano átti leik gegn Madsen í fjöltefli árið 1953.

1...He1+! 2. Hxe1 Dd4+! 3. Dxd4 dxe1D# 0-1. Undankeppni Landsmótsins í skólaskák hefst kl. 18.30 á Chess.com. Allir grunnskólanemendur geta tekið þátt. Skemmtilega frásögn um ævintýri Laufásborgar má finna á skak.is.
www.skak.is: Undankeppni Landsmótsins.

Sudoku

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Dyrfjallstindur séður af hæsta tindi Dyrfjalla, Súlu. Í fjarska sést glitta í Borgarfjörð eystri. MYND/ÓMB

Drepið á dyr fjallabálks

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Einhver tilkomumesti fjallabálkur landsins er Dyrfjöll, milli Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri. Þetta eru móbergsfjöll sem ísaldarjökullinn náði að sverfa til á eftirminnilegan hátt. Þarna hefur skaparinn verið í stuði, sem sést best á 700 m breiðum dyrunum á milli Ytra-Dyrfjalls, með hæsta tindinum Súlu (1.136 m), og sunnan þess Fremra-Dyrfjalls með ívið lægri en enn tilkomumeiri Stöpli. Norðaustan dyranna, og næst Bakkagerði, er Dyrfjallstindur, ekki síður glæsilegur tindur sem oft vill falla í skugga hávaxnari bræðra sinna tveggja. Hann nær 1.025 m hæð og er, líkt og Súla, nokkuð snúinn uppgöngu. En erfiðið er launað með einstöku útsýni efst, ekki síst að dyrunum sem eru óviða tilkomumeiri ásýndar og Dyrfjallstindur því í hlutverki dyrakarms. Einnig sést vel yfir stóran hluta Víknaslóða, Borgarfjörð eystri og Njarðvík.

Hentugt er að hefja göngu á Dyrfjallstind við Brandsbalarétt sem liggur skammt suður af Bakkagerði. Grjótá er fylgt að norðanverðu og í fyrstu fylgt gönguslóða sem liggur norður fyrir Dyrfjöll að Stórurð. Þegar komið er upp á stall sunnan Dyrfjallstinds er Grjótá stikluð á steinum og haldið að rótum hans suðaustanverðum. Gengið er upp skriður uns komið er að 300 m háu klettabelti efst. Þarna er mikilvægt að fara varlega því undirlagið er laust í sér og hætta á grjóthruni. Smám saman opnast náttúruleg rák í klettabeltinu sem fylgt er skáhallt langleiðina upp á tindinn. Á hátindinum verður sömuleiðis að fara sér hægt því beint ofan af honum er þverhnípi niður í bæði Njarðvík og Jökuldal. Mikilvægt er að halda nákvæmlega sömu leið til baka og aðeins leggja til atlögu við tindinn í góðu skyggni. Á vorin er Dyrfjallstindur frábært fjallaskíðafjall. Er þá klettabeltinu efst sleppt og hægt að skíða niður í Jökulbotn og fylgja snjórennum í árfarvegum að Brandsbalarétt.

Eftir göngu á Dyrfjallstind er tilvalið að kíkja við í Bakkagerði, en í þorpinu búa tæplega 80 manns. Óviða er betra að skoða lunda í návígi en í Hafnarhólma við bátahöfnina og skammt innan við þorpið er klettaborgin Álfaborg þar sem huldufólk býr. Loks er gaman að kíkja í Bakkagerðiskirkju en altaristöfluna málaði Kjarval 1914 og sýnir Jesú flytja fjallræðuna. Eitthvað fór þó myndin fyrir fyrir brjóstið á sumum sveitungum listamannsins, enda þóttust þeir þekkja sjálfa sig á myndinni. ■

Dyrfjallstindur er sérlega tilkomumikill efst. Njarðvík til vinstri og Borgarfjörður eystri til hægri. MYND: SKÚLÍ JÚLÍUSSON

Dyrnar séðar á leið upp Dyrfjallstind á fjallaskíðum . MYND/TG

Haukur hlýtur Maístjörnuna í ár.

Haukur fær Maístjörnuna

kolbrunb@frettabladid.is

Haukur Ingvarsson hlýtur Maístjörnuna fyrir ljóðabók ársins 2021, Menn sem elska menn. Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veita verðlaunin sem voru afhent í sjötta sinn í gær, miðvikudag.

Í umsögn dómnefndar um verðlaunabókina segir meðal annars: „Með snjöllu myndmáli skyggnist skáldið um heim allan frá myrku dýpi sjávar til óravídda himingeimsins en hugleiðingar um fótspor á örþunnri skurn yfir djúpinu vekur grun um yfirborð sem getur brostið hvenær sem er. Í ljóðunum birtist þéttur vefur tilvísana til íslenskra bókmennta gegnum aldirnar sem víkkar út merkingarsvið þeirra ... Menn sem elska menn er bók sem kallar á endurtekinn lestur og launar þeim sem sinna því kalli ríkulega.“

Eftir Hauk hafa birst ljóð, smásögur og greinar í ýmsum tímaritum og sýnisbókum heima og erlendis. Hann hefur sent frá sér þrjár ljóðabækur en fyrir aðra bók sína, Vistarverur, hlaut hann bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2018. Sú bók var einnig tilnefnd til Maístjörnunnar það ár. Þá hefur hann skrifað eina skáldsögu, Nóvember 1976, og fræðibækurnar Andlitsdrættir samtíðarinnar: Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness og Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu: Orðspor Williams Faulkners í íslensku menningarlífi 1930–1960. Haukur ritstýrir Skírni, tímariti hins íslenska bókmenntafélags, ásamt Ástu Kristínu Benediktsdóttur. ■

Við erum að kynna starfsemi okkar, segir bassasöngvarinn Davíð Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verðlaunahafar syngja í Fríkirkjunni

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Davíð Ingi Ragnarsson er íslenskur bassasöngvari sem syngur við óperuhátíðina Oper im Berg í Salzburg, Austurríki. Hann kemur fram á tónleikum í Fríkirkjunni í kvöld, fimmtudaginn 19. maí, ásamt félögum sínum.

Óperuhátíðin Oper im Berg var stofnuð til heiðurs Luciano Pavarotti árið 2007. Stofnandi var Austurríkismaðurinn Ingo Kolonerics. Grace Bumbry hefur verið listrænn bakhjarl hátíðarinnar frá árinu 2009. Á þessum tíma hafa verið settir upp fjölmargir tónleikar og margar óperur fluttar.

Þétt og góð dagskrá

Óperuhátíðin kemur nú með nokkra af söngvurum sínum til landsins og heldur stóra tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík nú á fimmtudag klukkan 20.00. Flytjendur eru auk Davíðs: Paolo Lardizzone tenór, Ítalíu, Saraï Cole sópran, Bandaríkjunum, og Selin Dagyaran sópran, Tyrklandi. Pianisti er Daniel Ochoa Gaxiola frá Mexíkó.

„Við erum flestöll verðlaunahafar úr alþjóðlegri söngkeppni sem haldin er í Salzburg árlega. Dagskráin er þétt og góð. Við flytjum aríur og hluta úr óperunum La Traviata, Töfraflautunni, La Rondine, La forza del destino, Otello, Turandot, Tosca, I Pagliacci, Lohengrin, Brottnáminu úr kvennabúrinu og fleiri óperum,“ segir Davíð. Hann hefur búið í tvö ár í Salzburg og bjó áður í Tel Avív í Ísrael. Hann segist hafa mikla ánægju af að syngja bassa. „Ég er yfirleitt í hlutverki valdsmanna, presta, kónga eða illmenna sem hafa mikinn karakter.“

Áhugi á samstarfi

Stjórnandi Oper im Berg er fyrrnefndur Ingo Kolonerics, sem er staddur hér á landi í tilefni tónleikanna. Hann hefur verið að kynna sér aðstæður fyrir einhvers konar samstarf við Íslendinga um óperuflutning og ræðir við ýmsa framámenn í tónlistarlífinu hér.

> **Mér líður best á Íslandi og finnst skemmtilegast að syngja hér. Þess vegna fannst mér tilvalið að koma hingað með fólkinu sem ég hef verið að syngja með.**

„Við erum að kynna starfsemi okkar og athuga hvort áhugi sé á Íslandi fyrir fleiri tónleikum og óperuverkefnum. Við höfum talað við ýmsa aðila í tónlistarlífinu,“ segir Davíð. Hann segist hlakka til tónleikanna. „Mér líður best á Íslandi og finnst skemmtilegast að syngja hér. Þess vegna fannst mér tilvalið að koma hingað með fólkinu sem ég hef verið að syngja með.“

Spurður hvaða óperuhlutverk honum þyki skemmtilegast að syngja svarar hann: „Ætli það sé ekki kvennabúrsvörðurinn Osmin í Brottnáminu úr kvennabúrinu. Ég söng það hlutverk í Þýskalandi og syng aríu úr verkinu á tónleikunum.“ Aðspurður um draumahlutverkið segir hann: „ Ætli það sé ekki Boris Godunov eftir Mussorgsky.“■

Píanóleikurinn var göldrum líkastur

TÓNLIST

Craig Taborn
lék á píanó tónlist eftir sjálfan sig
Salurinn í Kópavogi
sunnudaginn 8. maí

Jónas Sen

Þetta var snilld; já, hrein opinberun, segir Jónas Sen um tónleika Craig Taborn. MYND/AÐSEND

Henry Pleasants var ekki aðeins tónlistargagnrýnandi um miðja síðustu öld, heldur líka starfsmaður hjá CIA. Hann skrifaði meðal annars tvær athyglisverðar bækur, Serious Music and All That Jazz og The Agony of Modern Music. Þar fullyrti hann að akademísk tónlist þess tíma væri komin á villigötur og að djassinn væri hið rökrétta framhald vestrænnar fagurtónlistar. Laglínan skipti öllu máli í tónlist og án hennar væri hún dauð.

Ég hugsa að Pleasant hefði ekki orðið sérlega hrifinn af tónleikum djasspíanóleikarans Craig Taborn, sem voru haldnir í Salnum í Kópavogi sunnudagskvöldið 8. maí. Þar var fjarskalega lítið um laglínur. Vissulega voru alls konar laghendingar, en ekki mikið af því sem maður gæti raulað í sturtu.

En það er til djass og djass. Það sem bar fyrir eyru á tónleikunum flokkast undir frjálsan djass. Slík tónlist byrjar á fremur einfaldan hátt, en síðan hefst framvinda sem er afar tilraunakennd og lætur kannski ekkert sérlega vel í eyrum.

Súrrealísk tónlist

Það verður að viðurkennast að fyrsta verkið á tónleikum Taborns lét mann klóra sér í kollinum. Hráir og hranalegir tónar voru endurteknir í mismunandi tónhæðum, og hljómagangurinn virtist handahófskenndur. Spuninn sem svo tók við var einkennilegur, hljómarnir ómstríðir og atburðarásin súrrealísk.

Næsta lag var hins vegar ótrúlega magnað. Það var mjög hratt og fingrafimi píanóleikarans var svo aðdáunarverð að hún minnti helst á Art Tatum á fyrri hluta síðustu aldar. Tatum var einn mesti snillingur slaghörpunnar í djassinum; tækni Taborns gaf honum ekkert eftir. Hvílíkar flugeldasýningar!

Hrollvekjandi þráhyggja

Annað lag var líka beinlínis hrollvekjandi á tónleikunum. Þar var sama þráhyggjukennda hendingin endurtekin í sífellu í bassanum, en ofan á hana prjónaði Taborn með hægri hendinni alls konar magnþungnar strófur sem urðu sífellt áleitnari. Útkoman var svo spennandi að ég hef sjaldan eða aldrei heyrt annað eins á djasstónleikum á Íslandi.

Þetta voru stórkostlegir tónleikar. Upp kom í hugann samanburður við píanóleikarann Keith Jarrett, sem var svo sannarlega yfirburðasnillingur áður en hann missti getuna fyrir nokkrum árum síðan. Tónlist þeirra Taborns er samt ákaflega ólík. Tónlist Jarretts er rómantísk og horfir til fortíðar, sú sem Taborn bar fram hér horfir langt fram í tímann. Hvergi var dauður punktur á tónleikunum, manni var komið á óvart aftur og aftur. Tæknin píanóleikarans var frábær, hún var slík að engin hindrun var á flæðinu, innblásturinn var óheftur og göldrum líkastur. Þetta var snilld; já, hrein opinberun. ■

NIÐURSTAÐA: Einhverjir bestu djasstónleikar sem hér hafa verið haldnir.

LAGERSALA NTC

HEFUR OPNAÐ Í HOLTAGÖRÐUM

- opið 12.00 til 19.00 í dag -

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

MOSS REYKJAVIK · MARC JACOBS · Matinique · Herschel Supply Co. Brand Trade Mark · SOAKED IN LUXURY · InWear · billi bi COPENHAGEN · TIGER OF SWEDEN · ROTATE · SAMSØE · SAMSØE · NA-KD · 2NDDAY · STEVE MADDEN · J.LINDEBERG · carhartt · Acne Studios · envii · TATUAGGI · Part Two

EINFALT OG ÞÆGILEGT

1.000.- KR • 2.000.- KR • 3.000.- KR • 4.000.- KR • 5.000.- KR 7.000.- KR • 9.000.- KR • 12.000.- KR • 15.000.- KR

VÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM

Kultur menn · gs skór · GK REYKJAVIK · KARAKTER KONUR · SMASH URBAN · galleri sautján · eva · COMPANYS · Kultur

OPIÐ MÁN-FÖS KL. 12-18 • LAUG-SUN KL. 12-17

lagersalantc · Lagersala NTC · Holtagarðar

Leikkonan og leikstýran Eva Longoria á rauða dreglinum.

Spænska leikkonan Rossy de Palma brá á leik fyrir myndavélarnar.

Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, ávarpaði gesti hátíðarinnar rétt fyrir sýningu opnunarmyndarinnar og uppskar standandi lófaklapp.

Selenskíj ákallar iðnaðinn í Cannes

Kvikmyndahátíðin í Cannes var sett með tilheyrandi gleði og glamúr á þriðjudaginn, enda fer hún nú loksins fram með hefðbundnu sniði eftir tvö mögur Covid-ár. Þá heiðraði Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, hátíðina með rafrænni nærveru sinni og hvatti kvikmyndagerðarfólk til að fylgja fordæmi Charlies Chaplín í andófi gegn einræðisherrum.

ninarichter@frettabladid.is

Hátíðinni í Cannes var aflýst 2020 vegna heimsfaraldursins og í fyrra var hún haldin mun seinna en venjulega, við stífar samkomutakmarkanir. Öllu er því tjaldað til nú þegar hún er haldin í 75. sinn og alþjóðlegar kvikmyndastjörnur og hátignir frá Hollywood geta loksins spókað sig á rauðum dreglum á heimavelli evrópskrar kvikmyndasenu við Miðjarðarhafsströnd Frakklands.

Hátíðin hófst með sýningu grínmyndarinnar Final Cut, sem er úr smiðju framleiðenda Óskarsverðlaunamyndarinnar The Artist frá 2011 og hefur verið lýst sem ástarbréfi til uppvakningamynda.

Volodímír Selenskíj Úkraínuforseti ávarpaði samkomuna af skjá fyrir sýninguna og ræddi samband kvikmynda og stríðs og eggjaði kvikmyndagerðarfólk samtímans til að að nýta kvikmyndaformið gegn einræðisherrum eins og Charlie Chaplin gerði í tilfelli Adolfs Hitler með The Great Dictator árið 1940. ■

Bandaríski leikarinn Forest Whitaker var glæsilegur að vanda.

Bandaríska leikkonan Julianne Moore í svörtu á dreglinum.

Lafði Victoria Hervey var glæsileg á rauða dreglinum.

Aðstandendur opnunarmyndarinnar Final Cut: leikkonan Matilda Lutz og leikstjórinn Michel Hazanavicius ásamt leikurunum Romain Duris, Berenice Bejo and Finnegan Oldfield í Palais des Festivals þann 18. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Eldað Með Hönnu Þóru
Eldað með Hönnu Þóru eru nýir örþættir sem sýndir verða á vef Fréttablaðsins. Þættirnir verða sýndir þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga fram í miðjan ágúst.
Uppskriftirnar úr þáttunum munu birtast samdægurs á vef Fréttablaðsins.
Skannaðu kóðann
HAGKAUP
frettabladid.is

EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS
19. maí 17:00-17:45

Túngata 43 101 Reykjavík

íbúð í tvíbýli | 105,2 fm | 4ra -5 herb.

73.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Tangarhöfði 6 - 2. Hæð - 110 RVK

TIL LEIGU

Hagstætt verð.
Glæsilegt skrifstofuhúsnæði.
Sér inngangur
arsalir@arsalir.is s. 533 4200

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200 arsalir@arsalir.is Engjateigur 5 105 Rvk

Örugg og traust þjónusta í fasteignaviðskiptum í áratugi.

Séamas O'Reilly notaði heldur frumlega leið til að koma sér úr klípu aðeins sjö ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Skáldaði átta síðna ritgerð um íslenska fiskihátíð

Sjö ára gamall skáldaði írski rithöfundurinn og blaðamaðurinn Séamas O'Reilly átta blaðsíðna ritgerð um íslenska fiskihátíð. Hann greindi frá þessu afreki sínu á Twitter og sagði Fréttablaðinu í kjölfarið frá draumi sínum um að komast á Fiskidaginn mikla á Dalvík.

ninarichter@frettabladid.is

„Þegar ég var sjö ára bað kennarinn okkur að skrifa ritgerð um menningu annarra landa, sem heimaverkefni fyrir helgina," segir Séamas O'Reilly, írskur verðlaunahöfundur sem hefur skrifað fyrir The Guardian, The Irish Times, Observer og fleiri og hlaut An post bókmenntaverðlaunin fyrir ævisögu sína.

Séamas upplýsti þetta á Twitter og greindi í samtali við Fréttablaðið í framhaldinu frá því að hann langaði einhvern daginn að kíkja til Dalvíkur á Fiskidaginn mikla.

„Ég mundi eftir þessu seint um kvöld á sunnudegi, og í örvæntingunni bjó ég til eitthvað sem ég kallaði „Íslensku fiskihátíðina" og taldi að umræddur kennari yrði einskis vís," segir Séamas.

„Systir Veronica var einn af mínum eftirlætis kennurum. Hún var nunna frá Glasgow sem gekk með spelku á fætinum eftir að hafa veikst af mænusótt í æsku, og hún sagði okkur allt um það. Hún var fyndin og ljúf og var alltaf að hvetja mig áfram í ritstörfum. Svona heimavinna var alveg dæmigerð í hennar tilfelli," skrifar hann.

> Vá, þessir Íslendingar elska svo sannarlega fiskinn sinn.

Séamas O'Reilly

Hitti Íslandskonung

„Ég ætlaði sko ekki að valda henni vonbrigðum. Ég vakti alla nóttina til að tryggja að ritgerðinni yrði skilað á réttum tíma. Ég varð frakkari eftir því sem leið á nóttina og bætti við útúrdúrum og fyrstu persónu frásögnum. Ég minnist þess að hafa vitnað í „konung Íslands", eins og hann hefði talað við mig í eigin persónu," segir Séamas.

„Ég man ekki margt um sjálfa hátíðina, en ég man að ég sagði hana standa yfir í fjóra mánuði og fela í sér að allir skyldu borða fisk og klæðast fiskibúningum. Sumt var skrifað í nútíð. Var ég á hátíðinni? Fór ég á hverju ári? Því var ekki svarað. En þetta var átta blaðsíðna langt."

Séamas segir kennaranum hafa verið virkilega skemmt þegar hann skilaði ritgerðinni. „Fyrir því lágu tvær meginástæður. Annars vegar var þetta fullkomlega geðbiluð ritgerð, um mjög augljóslega skáldaða hátíð, sem ég afhenti lafmóður og bjartsýnn," skrifar hann.

„En það var ekki það eina. Á sama augnabliki, bókstaflega sama andartaki og ég afhenti henni ritgerðina, áttaði ég mig á því að hún hafði alls ekki beðið okkur um að skrifa þetta. Mig hafði dreymt það allt."

Uggvænlegur upplestur

Séamas heldur áfram: „Ég hafði þá skrifað og afhent þessa átta blaðsíðna löngu endurminningagrein um íslensku fiskihátíðina algerlega að ástæðulausu. Án þess að vita almennilega í hvorn fótinn hún átti að stíga, brosti kennarinn og sagðist ætla að lesa ritgerðina fyrir bekkinn.

Ég bað hana að vinsamlegast gera það ekki. En hún gerði það nú samt. Og meira að segja þau – fullt herbergi af norður-írskum sjö ára börnum – svo hæðin að það jaðrar við illsku, virtust einlæglega uggandi yfir andlegri heilsu minni."

Séamas segist undanfarin 30 ár hafa hugsað reglulega til þessarar hjartagóðu nunnu lesa upp setninguna: „Vá, þessir Íslendingar elska svo sannarlega fiskinn sinn," með hikandi Glasgow-hreim, yfir skólastofu sem ólgaði af áhyggjum og skelfingu. ■

Kosningapáfinn kominn í stuttbuxur

toti@frettabladid.is

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor emeritus, birtist sem ljúfur vor-, ef ekki hreinlega sumarboði, í viðtalsþættinum Mannamál á Hringbraut í kvöld en hann spásseraði í settið á fund Sigmundar Ernis Rúnarssonar, umsjónarmanns þáttanna, á stuttbuxum.

Þátturinn er númer 260 í viðtalsseríunni en sá fyrsti þar sem viðmælandi hefur mætt í stuttbuxum.

Sjálfur segist Ólafur fara í stuttbuxur á fyrsta degi sumars og ekki virða síðar buxur viðlits fyrr en fyrsta vetrardag á hverju ári. Hann hafi byrjað að klæðast þeim hinum styttri buxunum í framhaldsnámi sínu í Bandaríkjunum fyrir meira en þrjátíu árum – og þar hafi sumarsíddin verið ráðin til frambúðar.

Ólafur Þ. Harðarson er gestur Mannamáls á Hringbraut í kvöld, á stuttbuxunum sínum, fyrstur gesta þáttanna á þeim buxunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einu gildi hvar hann fari á sumrin, stuttar skuli það vera, en hann minnist þess sérstaklega þegar hann var boðaður á fund Stjórnlagaráðs einn sumardaginn fyrir löngu, þeirrar hátimbruðu samkomu, en þar hafi hann staðið frammi fyrir þverskurði þjóðarinnar á stuttum, nema hvað. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

KFC

GRANDE

ER KOMINN

1.599 kr.

Zinger kjúklingabringa,
BBQ-sósa, beikon, ostur,
rauðlaukur, kál og léttmæjó.

2.099 kr.

Grande Zinger borgari,
3 Hot Wings, franskar,
gos og Conga Xtra.

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu innkaupin
með appinu
netto

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Kötturinn minn

Við eignuðumst kött, við Hófí kærastan mín. Lítinn sætan kettling sem er hvítur með appelsínugulum blettum. Hún er læða sem heitir Lísa. Ég hef aldrei átt gæludýr fyrr, fyrir utan lítinn frosk sem ég sótti í læk á dönsku tjaldsvæði sem barn, sá lifði í einn dag eða tvo eftir að ég ættleiddi hann. Ég elskaði aldrei froskinn en ég elska Lísu. Ég elska Lísu meira en ég vissi að væri hægt að elska dýr. Ég hélt alltaf að fólk væri smá að djóka þegar það talaði um hversu mikið það elskar dýrin sín. „Haha, ok," hugsaði ég, „kötturinn þinn er sætur, en þú elskar hann ekkert í alvörunni. Ekki eins og fólk elskar maka sinn eða barn, eða systkini eða foreldra eða vini, eða nýja sjónvarpið sitt, iPad eða heyrnartól. Þú elskar hann ekki eins mikið og fólk elskar húsið sitt eða peninginn sinn eða Engeyjarættin elskar fjármálaráðuneytið." Jú. Ég elska Lísu meira en þetta allt. Hjartað mitt stækkaði þegar ég fékk hana í hendurnar og ég táraðist næstum því þegar hún fékk sér fyrst vatn að drekka heima hjá okkur og kannski er það vegna þess að hún er með sömu andlitsbyggingu og ungbarn og líkaminn minn er að öskra á mig að fara að eignast barn. Kannski. Kannski er það að Lísa mín er utan einhvers mengis. Henni er sama hvort Laugavegurinn verði göngugata eða hraðbraut, henni er sama hvernig meirihlutinn myndast í borginni og hún tilheyrir ekki svikinni grasrót. Lísa mín var ekki til þegar kosið var um Icesave, en hún hefði aldrei tekið þátt í æsingnum. Hún elskar alla jafnt sama hvar þeir standa í pólitíkinni. Nema fasista, Lísa mín hatar fasista og myndi bíta þá. Sama gildir með rasista, hómófóba, transfóba og karlrembur. Hún myndi bíta þá líka og klóra. ■